

**Útrýming fátaektar**  
Ómöguleg án einkageirans



**Niðurhal á netinu**  
Á sér margar hliðar



**Búllan og Sægreifinn**  
Hrásað af Washington Post



## Halli ofmetinn um fimmtung

Samkvæmt niðurstöðum nýlegrar málstofu Seðlabanka Íslands er viðskiptahalli síðasta árs minni þegar verðbreytingar verðbréfa eru taldar með þáttatekjum.

Vegna þessa segir greiningardeild Glitnis að vera kunnari að gengi krónunnar þurfi ekki að lækka jafnmikið og ráð hafi verið fyrir gert til að koma hagkerfinu í ytra jafnvægi. „Munurinn skýrir þó ekki nema hér um bil fimmtung viðskiptahallans 2006 og er ljóst að ytra ójafnvægi hagkerfisins á síðasta ári var eftir sem áður mikið,“ segir í umfjöllun Glitnis.

- óká

## Gnúpur kaupir í Straumi

Gnúpur fjárfestingafélag er orðinn sautjándi stærsti hluthafinn í Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka með 0,77 prósentu hlut.

Í ljósi sögunnar þá eru þetta atvagnsverð kaup, enda fara þeir Þórður Már Jóhannesson, Magnús Kristinnson og Kristinn Björnsson fyrir Gnúpi. Þeir og Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, elduðu grátt silfur saman í átökum um Straum í fyrrasamningum eins og margir muna.

- eþa



**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Kaupir Keops** | Ole Vagner, stofnandi danska fasteignafélagsins Keops, samþykkti í vikunni tilboð Pálma Haraldssonar í nær allt hlutfélag hans í félaginu upp á 24 danskar krónur á hlut.

**Skoða kaup** | Stjórnendur Alfesca skoða nú stór fyrirtækjakaup á þessu ári. Fyrirtækið er í Evrópu og með álíka mikla veltu og Alfesca á síðasta ári, 600 milljónir evra, jafnvirði 50 milljarða króna.

**Ábyrgar fjárfestingar** | Sameinandi lífeyrissjóðurinn hefur ákveðið að taka upp reglur Sameinuðu þjóðanna sem fela í sér að tekið er tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta við fjárfestingar.



**Ræða sameiningu** | Viðræður eru hafnar milli stjórnarformanna Byrs og Sparisjóðs Kópavogs um sameiningu sparisjóðanna. Byr er annar stærsti sparisjóður landsins en SPK sá fimmti stærsti.

**Barátta framundan** | Bandaríska kauphöllin Nasdaq hefur lagt fram 3,7 milljarða yfirtökutilboð í OMX-kauphallasamstæðuna. Þá er kauphöllin í Dubai einnig sögð ætla að bjóða í OMX.

**Betra ár** | HB Grandi var rekinn með 2,4 milljarða króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar tap félagsins nam 1.337 milljónum króna.

**Hagar hagnast** | Fyrirtækið Hagar, sem meðal annars rekur Bónus, Hagkaup og fleiri verslanir, skilaði hagnaði upp á 417 milljónir króna á síðasta rekstrarári, sem stóð frá mars í fyrra til loka febrúar í ár.

**Selja Atlanta** | Eimskipafélag Íslands ætlar að selja Air Atlanta hf. og aðrar flugrekstartengdar eignir félagsins. ABN Amro Bank og Hannesi Hilmarssyni, forstjóra Air Atlanta hf., hefur verið falið að sjá um söluna.

# Eimskip stærst sinnar tegundar í heiminum

Hf. Eimskipafélagið stefnir að yfirtöku á Versacold, þriðja stærsta frysti- og kæligeymslufyrirtæki N-Ameríku.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Hf. Eimskipafélagið hefur samið um kaup á fjórðungi hlutfjár í kanadíska félaginu Versacold Income Fund og leggur fram yfirtökutilboð í allt fyrirtækið upp á 67 milljarða króna, fyrir hönd dótturfélags. Gangi kaupin eftir verður Eimskip langstærsta kæli- og frystigeymslufyrirtæki heims með starfsemi í 35 löndum í fimm heimsálfum.

Áætluð velta Eimskips mun fara úr 100 milljörðum króna í 150 milljarða á næsta ári og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) fer hátt í sautján milljarða króna á næsta ári.

Tilboð Eimskips gildir í 35 daga en alls þurfa eigendur tvo þriðju hluta hlutfjár að samþykkja það. Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins, leggur á það áherslu að yfirtakan sé gerð í góðri sátt við hluthafa og stjórnendur félagsins, ólíkt því sem gerðist við kaupin á Atlas Cold Storage, öðru kanadíska frysti- og kæligeymslufyrirtæki í fyrra. „Þetta er kölluð vinveitt yfirtaka, það er að segja að stjórnin mælir með því við hluthafana að þessu tilboði sé tekið og bankinn [UBS] sem vinnur fyrir þá mælir með því líka.“

Versacold er 3. stærsta fyrirtæki Norður-Ameríku á sínu sviði og rekur um 72 frystigeymslur í Kanada, Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Argentínu.

Versacold hefur vaxið hratt eins og Eimskip og tók yfir tvö félög á árunum 2003 og 2005. Velta félagsins var þrefalt meiri í fyrra en árið áður. Viðskiptavinir eru fjórða þúsund og starfsmenn 4.500 talsins. „Þetta er mjög heilbrigður rekstur og gott fyrirtæki,“ segir forstjórinn Baldur Guðnason.

Markaðsstaða Eimskips verður einstök ef yfirtakan heppnast en ekkert fyrirtæki keppir við það á heimsvísu. Eimskip verður með þétt net 180 frysti- og kæligeymsla í fimm heimsálfum auk hefðbundinnar flutninga- og skipastarfsemi. „Það er aukin eftirspurn eftir flutningum á frysti- og kælivörum og menn eru að færa þetta frá einum markaði til annars,“ bendir Baldur á.

Baldur sér mikil tækifæri með Atlas og Versacold. Versacold er sterkt á svæðum í Norður-Ameríku þar sem Atlas er veikt og óflugt. Viðskiptavinahópurinn í Norður-Ameríku breikkar og ný tækifæri í öðrum heimsálfum skapast, til dæmis í Suður-Ameríku og Eyjaálfu. „Samanlagt verður þetta eitt af tveimur stærstu félögum í Norður-Ameríku hvað varðar markaðshlutdeild.“

Kaupin hafa verið fjármögnuð að fullu með fjármagni frá Eimskip og lánsfé frá Royal Bank of Canada og KingSett. Baldur býst við að áttafu prósent kaupverðs verði fengið að láni en reiknar með að félagið greiði skuldir hratt niður með eignasölu, til dæmis með því að leysa að hluta upp eignir Versacold og af

## Norðurál í Kauphöllina

Century Aluminum Company, móðurfélag Norðuráls, hefur farið fram á skráningu á First North Iceland-hlutabréfalistann. Félagið er skráð á Nasdaq-markaðinn bandaríska og verður fyrsta skráða fyrirtækið í Bandaríkjunum til að fá skráningu hér.

Í undirbúningi er að auka hlutfélag Century Aluminum um fjórðung og hefst útboðsferli bréfanu formlega í dag. Í tilkynningu kemur fram að söluandvirði hlutanna geti numið allt að 28 milljörðum króna miðað við núverandi markaðsverð og verður stofnana- og fagfjárfestum hér boðið að taka þátt. Útboðið fer fram á sama tíma hér og í Bandaríkjunum og stendur út næstu viku. Í framhaldinu verður félagið skráð á markaðinn hér.

Umsjón með útboðinu hér er í höndum Kaupþings og Landsbankans, en fyrir tveimur árum önnuðust bankarnir 365 milljóna dala fjármögnun vegna stækkunar og endurfjármögnunar álvers Norðuráls á Grundartanga. Afrakstur útboðsins nú

á að mestu að nota til fjármögnunar á nýju álveri í Helgúvík, en reiknað er með að framkvæmdir geti hafist þar í byrjun næsta árs.

Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og fjármálasviðs Norðuráls, segir að hentugast hafi verið að byrja á því að skrá Century Aluminum á First North-markaðinn en í framhaldinu sé stefnt á skráningu á aðallista Kauphallarinnar. Þá segir hann erfitt að spá fyrir um þátttökuna í útboðinu hér, enda lítið um almennar fjárfestingar í orkuviðnaði til þessa. Hann segir skráninguna hér hins vegar í samræmi við þá stefnu Century Aluminum að treysta böndin við íslenskt samfélag.

Umsjónaraðilar útboðs Century Aluminum á alþjóðavísu eru Credit Suisse Securities (í Bandaríkjunum) og Morgan Stanley, en Kaupþing banki og Landsbanki Íslands sjá um framkvæmdina hér á landi. Meðal seljenda bréfananna í Bandaríkjunum er Kaupþing Securities Inc. í New York.

- óká

120 ÍSSK 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,1%\*

GBP 5,7%\*

USD 6,2%\*

EUR 4,1%\*

Peningabréf Landsbankans



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar mininn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingum sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl – 30. apríl 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	4%	-19%
Actavis	-2%	31%
Alfesca	4%	3%
Atlantic Petroleum	32%	127%
Atorka Group	1%	18%
Bakkavör	2%	15%
FL Group	1%	15%
Glitnir	2%	18%
Hf. Eimskipafélagið	7%	27%
Kaupþing	1%	32%
Landsbankinn	1%	41%
Marel	1%	10%
Mosaic Fashions	-1%	10%
Straumur	0%	22%
Össur	-1%	-2%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Nýr framkvæmdastjóri hjá Glitni

Alexander K. Guðmundsson, forstöðumaður Glitnis í Noregi, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjármálasviðs Glitnis. Á sama tíma var Gísli Heimisson ráðinn framkvæmdastjóri rekstrarsviðs bankans. Ráðningarnar þeirra taka gildi frá og með föstudegi. Þeir taka við af Tómasi Kristjánssyni og Finni Rey Stefánssyni, sem hafa stofnað fjárfestinga- og fasteignafélagið Siglu ehf í félagi við Þorgils Óttar Mathiesen. Félagið tilkynnti í gær að það muni kaupa fasteignafélagið Klasa hf. af Þorgils.

Alexander þekkir flesta innviði bankans en hann hóf störf hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins, forvera Glitnis, árið 1998 og hefur verið næstráðandi í uppbyggingu bankans í Noregi frá árinu 2005.

Alexander gerir er ekki ráð fyrir miklum breytingum með nýjum manni á fjármálasviði Glitnis. „Ég tek við mjög góðu búi og held að við höfum skapað okkur skemmtilegan og spennandi grunn, bæði hér heima og í Skandinavíu,“ segir um þeirra á haustdögum. - job



**ALEXANDER K. GUÐMUNDSSON,** Nýr framkvæmdastjóri á Fjármálasviði Glitnis segir bankann halda áfram að bæta stöðu sína á helstu mörkuðum.

hann og hnýtir við að bankinn muni halda áfram að nýta betur stöðu sína í þeim löndum þar sem hann hefur starfsemi.

Alexander reiknar með að ljúka nokkrum verkum hjá Glitni í Noregi fram í ágúst áður en hann getur alfarid tekið við nýja starfinu og gerir ráð fyrir því að flytja hingað til lands ásamt eiginkonu sinni og þremur börnunum. - job

## Innherjar kaupa í SpKef

Kaupfélag Suðurnesja á nú tæplega tíu prósent hlut í öllu stofnfé Sparisjóðsins í Keflavík eftir að félagið festi kaup á 0,8 prósentum stofnfjár. Allur hlutur Kaupfélagsins er metinn á 2,6 milljarða króna.

Jafnframt hafa tveir stjórnarmenn í SpKef, þeir Guðjón P. Stefánsson og Kristinn Jónsson, fest kaup á stofnfjárbréfum í sjóðnum.

Auk kaupfélagsins fer lífeyrisjóðurinn Festa einnig með um tíu prósent stofnfjár í SpKef. - eþa

## Virði bréfa Atlantic Petroleum margfaldast

Frá áramótum hefur virði hlutabréfa færayska olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum aukist um rúm 170 prósent. Félagið er skráð bæði í Kauphöllina hér og í Kaupmannahöfn.

Greiningardeildir banka hér hafa lítinn gaum gefið Atlantic Petroleum og hafa ekki á reiðum höndum skýringar á hækkuninni. Viðskipti með bréfin virðast mest í Færeyjum og Danmörku.

Jákup Petur Bærentsen, sérfræðingur greiningardeildar Kaupþings í Færeyjum, segir engar fréttir frá félaginu geta skýrt hækkun bréfanna, sem er næstum tvöföld á hálfum mánuði. Í byrjun árs stóð gengi bréfanna í 570 og í 820 fyrir tveimur vikum. Í gær voru viðskipti með bréfin á genginu 1.500.



**FRÁ SKRÁNINGU Á MARKAÐ** Wilhelm Petersen forstjóri Atlantic Petroleum og Þórður Friðjónsson forstjóri íslensku Kauphallarinnar.

„Í ársfjórðungsuppgjöri voru engar sérstakar fréttir. Í lok árs á félagið reyndar að fá sínar fyrstu tekjur af olíuvinnslu, en það skýrir ekki þessa miklu hækkun,“ segir Jákup, en bendir um leið á að megnið af viðskiptunum hafi átt sér stað í Danmörku þar sem félagið hafi fengið mjög jákvæða umfjöllun í viðskiptaritinu *Penge & Privatökonomi*. „Mestmegnis eru þetta fremur smáar færslur en nokkuð margar og nægja til að toga gengi bréfanna í þessa átt.“ - óká

## Skeljungur kaupir P/F Føroya Shell

Skeljungur gekk í gær frá kaupum á færayska olíufélaginu P/F Føroya Shell, sem verið hefur í eigu Shell International Petroleum Company Limited. Kaupverð er trúnaðarmál.

Hakun Djurhuss, forstjóri P/F Føroya Shell, sagði starfi sínu lausu í síðustu viku og leitar Skeljungur nú eftirmanns hans.

Í tilkynningu frá Skeljungu kemur fram að félagið muni taka yfir alla starfsemi P/F Føroya Shell, sem samanstendur af 10 þjónustustöðvum, tveimur birgðastöðvum, 13 olíuflutningabifreiðum og olíuflutninga-

skipinu Hjá félaginu, sem fagnar 82 ára starfsafmæli á þessu ári, starfa um 100 manns. Hagnaður félagsins á síðasta ári nam jafnvirði um 175 milljónum íslenskra króna.

Til samanburðar rekur Skeljungur hér 60 útsölustaði og 15 birgðastöðvar um allt land. Hjá Skeljungu, sem er tveimur árum yngri en færayska olíufélagið, starfa 300 manns.

Starfsemi Skeljungs í Færeyjum verður áfram rekin undir vörumerki Shell með sama hætti og hér á landi, að því er segir í tilkynningunni. - jab

## Eðlilegt skref í átt að alþjóðavæðingu

Fyrrum forstjóri Alþjóðasviðs Bank of America sest í forstjórastól Straums-Burðaráss. Friðrik Jóhannsson hættir störfum eftir tæplega árs starf hjá bankanum.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir  
skrifar

William Fall hefur tekið við forstjórastöðu Straums-Burðaráss. Friðrik Jóhannsson yfirgefur forstjórastólinn eftir tæplega ársstarf hjá bankanum. William er fyrrum forstjóri Alþjóðasviðs Bank of America sem er næststærsti banki í heimi. Hann lét af störfum þar af persónulegum ástæðum fyrir um ári síðan. Hann var að hugsa sér til hreyfings á ný þegar sameiginlegur vinur kynnti hann þá Björgólf Thor Björgólfsson, stjórnarformann Straums-Burðaráss.

William telur Straum-Burðarás hafa raunhæfan möguleika á að ná takmörkum sínum um að verða leiðandi fjárfestingabanki á Norðurlöndunum. Það verði þó ekki auðvelt. „Við þurfum að vaxa hratt og ná fótfestu á mörkuðum þar sem bankinn er veikur fyrir í dag. Þá er vörurval okkar enn þá ekki nægilega gott.“ Meðal annars verði aukið vægi lagt í skuldsetta fjármögn, fjárfestingar í óskráðum félögum og verðbréfamíðlun. William segir Straum-Burðarás hafa ýmsa yfirburði fram yfir aðra fjárfestingabanka. „Enginn af okkar helstu samkeppnisaðilum hefur eins góðan eiginfjárgrunn og við. Það gefur okkur sveigjanleika til að stökka á þau tækifæri sem upp kunna að koma.“

Björgólfur Thor Björgólfsson boðaði til blaðamannafundar í gær þar sem tilkynnt var um forstjóraskiptin. Við það tækifæri var hann spurður hvort höfuðstöðvar bankans verði áfram á Íslandi. „Við erum skráð í íslensku kauphöllina og uppspretta fjármagns okkar er hér. Við viljum beita því fjármagni í auknum mæli utan Íslands. En höfuðstöðvarnar verða hér áfram.“ Við það bætti William að ætlun bankans væri að byggja á íslenskum grunni bankans. Hann hyggst þó ekki flytja sjálfur til Íslands og verður áfram búsettur í London. Hann seg-



**FORSTJÓRASKIPTI KYNNT** Fyrrum forstjóri alþjóðasviðs Bank of America, William Fall, tekur við starfi forstjóra Straums-Burðaráss af Friðriki Jóhannssyni. Næsta skref í alþjóðavæðingu bankans segir Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður. MARKAÐURINN / ANTON

ist þó muni eyða drjúgum tíma hér á landi.

Friðrik Jóhannsson, fráfarandi forstjóri Straums-Burðaráss, mun starfa við hlið Williams á næstu mánuðum til að tryggja að forstjóraskiptin gangi greiðlega fyrir sig. Hann segist fara sáttur frá bankanum. „Mitt verkefni var að koma hérna inn í fyrria og taka nokkur skref áfram með bankanum í áttina að aukinni alþjóðavæðingu. Við settum okkur markmið um síðustu áramót til þriggja ára. Við erum að fara langt með að ná þeim á þessu ári. Við höfum náð gríðarlega góðum árangri. Ég er mjög stoltur af því að hafa tekið þátt í þessu.“ Þá bætti hann við að áttatíu prósent af tekjum Straums-Burðaráss komi erlendis frá og vöxtur félagsins sé allur í útlöndum. Ráðning Williams sé því eðlilegt og gott skref fyrir bankann. Óráðið er hvað tekur við hjá Friðriki þegar hann fer frá Straumi. „Það er fullt af skemmtilegum og áhugaverðum tækifærum framundan. Ég hlakka til að takast á við nýja hluti.“

settu merking hátt  
sími 551 0275

**SILKIPRENT**

## Stundum ertu of nálægt til að sjá heildarmyndina

ParX er þrautreynt ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtæki sem hefur á að skipa á þriðja tug ráðgjafa með sérfræðimenntun á ýmsum sviðum og víðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Ráðgjafar ParX greina aðstæður frá ýmsum sjónarhornum og veita ráðgjöf á sviði fjármála, stjórnunar, stjórnsýslu, markaðsmála, mannauðs og upplýsingatækni. Okkar markmið er að miðla dýrmætri sérfræðilekkingu og skilja eftir skarpari sýn.

ParX viðskiptaráðgjöf IBM | Borgartúni 37  
105 Reykjavík | [www.parx.is](http://www.parx.is) | S: 580-4300

**ParX**

Viðskiptaráðgjöf IBM

-annað sjónarhorn

## HUGTAK VIKUNNAR

**YFIRTAKA** nefnist þegar eigenda-skipti verða á skráðum fyrirtækjum við það að fjárfestir, hópur fjárfesta, eða fyrirtæki kaupir út aðra eigendur.

Yfirtökur geta svo verið af margvíslegum toga. Vinsamleg yfirtaka er þegar kaupandinn leggur fram tilboð sem stjórn viðkomandi félags leggur blessun sína yfir og ráðleggur öðrum eigendum að ganga að. Fjandsamleg yfirtaka er þegar kaupandinn safnar til sín eignarhlut án stuðnings og jafnvel í óþökk stjórnar eða stjórnenda fyrirtækisins sem verið er að kaupa.



# Íslendingar spreða í Svíaríki

Straumur fjárfestir fyrir tvo milljarða króna í Volvo.

Í nýjustu samantekt viðskipta-blaðsins Dagens Industri yfir fjárfestingar Íslendinga í Svíþjóð kemur fram að eignarhlutur íslenskra félaga í skráðum sænskum félögum hefur á einu ári aukist að verðmæti um 94 prósent. Á sama tíma hefur aðalvísitala sænska hlutabréfamarkaðarins hækkað um 34 prósent.

Straumur-Burðarás heldur utan um 1,9 milljarða króna eignarhlut í bílaframleiðandanum Volvo. Eitthvað ætti Straumur að hafa grætt á fjárfestingunni því

gengi hlutabréfa í Volvo hefur hækkað um tæp sextíu prósent frá ársbyrjun.

Straumur er með tæpa fjórtán milljarða í bréfum í sænskum félögum og virðist vera iðinn við að kaupa og selja sín hlutabréf samkvæmt frétt blaðsins. Langstærsti eignarhlutur bankans liggur í fimm milljarða króna stöðu í Betsson og í bréfum í Net Entertainment sem metin eru á tæpa tvo milljarða.

Landsbankinn heldur utan um hluti í sænskum félögum að

verðmæti nýu milljarðar króna. Eignarhlutur bankans í Intrum Justitia vegur þar langþyngst, enda er hluturinn metinn á átta milljarða króna.

Kaupþing er einnig áberandi þótt bankinn sé ekki jafn stórtækur og hinir bankarnir. Alls nemur hlutabréfasafn bankans í sænskum félögum um 5,7 milljörðum króna. Stærsti eignarhluturinn er um 720 milljóna króna staða í Invik sem væntanlega verður seld Milestone á næstunni.

- eþa

## Bjartsýni neytenda eykst

Neytendur eru afar bjartsýnir um þessar mundir ef marka má Væntingavísitölu Gallup sem birt var í gær.

Greiningardeild Glitnis telur aðdraganda kosninga og kosningaloforð hafa samkvæmt henni farið vel í landsmenn. „Vísitalan í maí telur 154,9 stig og hefur ekki mælst hærra frá því farið var að mæla hana í mars árið 2001,“ segir greiningardeildin. Bjartsýni hefur aukist hjá öllum þjóðfélagshópum og bendir bankinn á að fylgni hafi verið milli aukinna væntinga og neyslu.

- óká

## Eik banki stækkar um helming

Eik Bank Group, sem stefnir að tvíhliða skráningu í Reykjavík og Kaupmannahöfn á öðrum ársfjórðungi, hefur fest kaup á Skandia-Banken, stærsta netbanka Danmerkur. Viðskiptavinir Skandia-Banken eru um 115 þúsund talsins eða sexfalt fleiri en hjá næsttærsta netbankanum.

Þetta eru stærstu fyrirtækja-kaup í sögu Færeyja en kaupverð er ekki gefið upp. Eignir Eik Group, sem áður kallaðist Föröya Sparikassi, vaxa um helming við þessi kaup og fara úr 12 millj-

örðum danskra króna í 18 milljarða sem jafngildir tvö hundruð milljörðum íslenskra króna. Eftir kaupin er Eik Banki kominn í hóp fimmtán stærstu banka Danmerkur með um fjögur hundruð starfsmenn í Færeyjum og Danmörku.

Marnar Jacobsen, forstjóri Eik Bank, segir í tilkynningu að kaupin styrki viðamikla starfsemi samstæðunnar í Danmörku. „Við erum nú þegar áberandi á danska markaðnum og í þessu felst aukning og frekari vöxtur starfsemi okkar.“

- eþa

## Hagar taka við hlut Baugs í SMS

Hagar hafa tekið yfir helmingshlut Baugs Group í færeysku verslanakeðjunni SMS sem rekur matvöru- og sérvöruverslanir, meðal annars nokkrar verslanir undir merkjum Bónuss. Jóhannes Jónsson í Bónus, stjórnarformaður Haga, situr í stjórn SMS en Baugur Group á 95 prósent hlutafjár í Högum.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, bendir á að útrás Baugs hafi hafist í Færeyjum með opnum Bónusverslunar á sínum tíma.

„Það er svo sem ekkert óeðlilegt að þessi starfsemi tengist okkur því í raun og veru erum við gamla félagið sem var á Íslandi.“

Að sögn Finns eru tækifæri fyrir hendi í Færeyjum en hann tekur þó fram að markaðurinn sé lítil og landið strjálbýlt.

Hagar greiða Baugi fyrir bréfin með útgáfu nýs hlutafjár að nafnvirði 56 milljónir króna.

- eþa

**FINNUR ÁRNASON** Hagar eru komnir með helmingshlut í SMS-verslanakeðjunni.



DYNAMO REYKJAVÍK



# Stofnfé tvöfaldast í verði

Hugarfarsbreyting hefur orðið hjá fjárfestum til sparisjóða og stofnfjár. Markaðsvirði Byrs og Sparisjóðsins í Keflavík stendur í um þrjátíu milljörðum króna.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Gengi stofnfjárbréfa í þremur af stærstu sparisjóðum landsins hefur tvöfaldast á ekki lengri tíma en frá ársbyrjun. Þetta eru Byr sparisjóður, Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Kópavogs.

Sérfræðingar nefna að hugarfarsbreyting hafi orðið í viðhorfi fjárfesta til sparisjóða og stofnfjárbréfa sem upphaflega er rakið til markaðsvæðingar stofnfjár í SPRON. Hér áður fyrr voru stofnfjárbréf hálfverðlaus pappír. Stofnfjárukningar eru undirliggjandi þáttur í þessari þróun, enda tryggja þær alltaf betra og betra eignarhald stofnfjáreigenda á sparisjóðum og gefa þannig færi á að auka arðgreiðslur til muna í samræmi við aukinn hagnað. Sérfræðingur sem Markaðurinn ræddi við benti á að félagsform sparisjóða væri óhentugra en hlutafélaga sem veldur því að stofnfjárbréf væru verðlögð með afslætti í samburði við hlutabréf bankanna. Þá telja menn að landslag sparisjóða eigi eftir að breytast þannig að þeim fækki og til verði öflugri heildir. Væntingar um samruna sparisjóða og jafnvel sögusagnir um sölu sparisjóða í heilu lagi birtast einnig í þessum gengishækkunum.

Stofnfjárbréf í SpKef hafa hækkað úr 3,48 krónum á hlut í 7,45 krónur á árinu sem jafn-

gildir 125 prósentu hækkingu að teknu tilliti til nýlegrar stofnfjárukningar og endurmats stofnfjár. Mikil hækking hlutabréfa í Existu endurspeglar í verðmætaaukningu sparisjóðsins sem á bæði beinan og óbeinan hlut þar. Miðað við síðasta viðskiptagengi SpKef er sparisjóðurinn metinn á 28 milljarða króna samanborið við 10,9 milljarða í ársbyrjun.

Stofnfé í Byr hefur farið úr 70 krónum á hlut í gengið 140 á stofnfjármarkaði sparisjóðsins. Þetta gerir um 110 prósentu áhrshækkun með viðbættu endurmati. Í maí hefur gengi bréfanna hækkað um þriðjung. Byr er metinn á um 34 milljarða króna og er því tvöfalt verðmætari en í byrjun ársins.

Hástökkvari ársins er SPK sem mun hugsanlega sameinast Byr á næstunni. Stofnfjárbréf í sparisjóðnum ganga ekki kaupum og sölu á skipulögðum stofnfjármarkaði eins og bréf í stóru sparisjóðunum. Rétt áður en tilkynnt var um viðræður SPK og Byrs fóru fram viðskipti með stofnfé SPK á genginu 10. Það er um þrefalt herra verð en snemma á árinu. Markaðsvirði alls stofnfjár í SPK er því um 4,7 milljarðar króna.

SPRON er eftir sem áður stærsti sparisjóðurinn, bæði talið í eignum og að markaðsvirði. Sjóðurinn var metinn á 66,5 milljarða í nýlegum viðskiptum, en um þriðjungshækkun hefur orðið á gengi stofnfjárbréfa sjóðsins á árinu.

## ÁÆTLAÐ MARKAÐSVERÐ STÆRSTU SPARISJÓÐA

Sparisjóður	Virði í milljörðum
SPRON	66,0
Byr	34,0
SpKef	28,0
SPK	4,7

## Viskýkóngur skammar kollega sína

Ian Bankier, eigandi verslunarkeðjunnar Whisky Shop, sakar kollega sína, einkum lykilaðila í breska viskíðnaðinum, um skelfilegt metnaðarleysi þegar kemur að því að matreiða skotann ofan í landann. Frammi- staða Breta sé ekki hróssins verð og reyndar ólíðandi í alþjóðaheimi viskíðsins. Hann gagnrýnir bæði kostnaðarsamt dreifingarkerfi í Bretlandi og afslátt í kringum jólasöluna og segir að skammtímahagsmunir ráði för.

„Við verðum sérstaklega að endurskoða afsláttarherferðir í kringum jólin,“ segir hann. „Þú heldur jólin ekki hátíðleg án kalkúns á borðum, leikfanga fyrir börnin eða flösku af áfengi. Vill fólk afslátt? Er fólk að leita að góðu verði? Nei. En tilboðstímabilið í kringum jólin er niðurnjörvað,“ sagði hann á alþjóðlegri ráðstefnu vínframleiðenda í Lundúnum.

Bankier er einnig gagnrýnn á þátt bresku stórverslanakeðjanna sem haldi framleiðendum í heljargreipum sökum yfirburðastöðu sinna og hirði mesta ágóðann.

Ekki fylgir fréttinni hvort Bankier hafi rætt við við íslenska bóksala sem margir



VINSÆLL DRYKKUR Frammi- staða breska viskíðnaðarins er ekki hróssverð.

hverjir eiga erfitt með að sætta sig við verðstríð á jólabókunum. - eþa

FYRIRTÆJARÁÐGJÖF

FJÁRMÖGNUN

ERLEND VIÐSKIPTI

ÁVÖXTUN

FYRIRTÆJABANKINN

INNHEIMTUÞJÓNUSTA

GREIÐSLUKORT

### Er þitt fyrirtæki að fá það besta sem við höfum að bjóða?

Persónuleg og vönduð þjónusta, sérsniðin að þörfum hvers og eins er það besta sem við höfum að bjóða. Með lipru skipulagi og stuttum boðleiðum bjóðum við þér skýrar og einfaldar þjónustuleiðir og þú velur það sem þér hentar hverju sinni. Kynntu þér málið – við leitum lausna.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.by.is

# Fátækt verður ekki útrýmt án einkageirans

Að ausa fjármagni inn í þjóðfélagskerfi í rústum hefur ekki reynst eins happadrjúg aðferð í þróunarríkjunum eins og í Evrópu. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* komst að því að þjóðir heims leita nú nýrra leiða við þróunaraðstoð. Fela þær í sér aukið samstarf hins opinbera og einkaaðila.

**F**rjá því að þróunaraðstoð var tekin upp í kringum árið 1960 hafa Vesturlönd lagt í hana á milli sex og sjöfalda Marshall-aðstoð. Árangurinn hefur hins vegar ekki borið þann árangur sem vonir stóðu til um. Flest Afríkuríki sunnan Sahara standa verr að vígi núna en þau gerðu fyrir 25 árum. Þetta var meðal þess sem kom fram í lokaorðum Sighvats Björgvinssonar, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, á umfangsmikilli ráðstefnu um fjárfestingartækifæri í þróunarlöndunum sem haldin var á dögunum. „Vandi Evrópu þegar Marshall-hjálpin barst var ekki þekkingarskortur, heldur fátækt eftir stríðið. Verið var að veita þjóðum aðstoð sem voru nánast allar iðnaðarþjóðir. Í Afríku hins vegar er þekking oft ekki til staðar, iðnbyltingin víðast hvar ekki komin til sögunnar, þjóðirnar margar og ólíkar og menningin allt önnur en í Evrópu og Ameríku. Sú aðferð sem skilaði góðum árangri í Evrópu – að hella fjármagni inn í kerfi sem voru í rústum – skilaði sér ekki í Afríku.“ Til marks um þetta má víða í þróunarlöndunum sjá verksmiðjur sem standa auðar, skip sem liggja við bryggju, skóla sem standa tómir því engir kennarar eru til að kenna. Allt endurspeglar þetta misheppnuð verkfæri sem sýna að aðstoð verður að veita út frá forsendum viðtakandans en ekki gefandans.

## BREYTT VIÐHORF TIL EINKAREKSTURS

Þróunaraðstoð á Íslandi og víðast hvar annars staðar hefur verið að breytast. Áður fyrr var starfsemi einkafyrirtækja í þróunarlöndum jafnvel litin hornauga. Stórfyrirtæki voru sökuð um að misnota fátækt vinnuafli í þróunarlöndunum og ekki alltaf

ad ósekju. Þegar einkaatvinnureksturinn blandaðist þróunarmálum var hann oftast en ekki starfræktur fyrir opinbert fé. Þetta hefur breyst. Í dag leita opinberir aðilar í auknum mæli til einkageirans eftir samvinnu í þróunarmálum. Sighvatur segir að hann eigi mikilvægu hlutverki að gegna í þróunarlöndunum, ekki síður en opinberir aðilar. „Það er ekki hægt að útrýma fátækt nema með því að skapa hagvöxt. Það verður enginn hagvöxtur ef einkageirinn styrkist ekki. Þar af leiðandi verður fátækt ekki útrýmt nema einkageirinn eigi þar hlut að máli.“ Þetta skýrir Sighvatur svo að einkageirinn horfi fyrst og fremst til þess að verkefni séu arðsöm. Séu þau það eru líkur til að þau verði sjálfbær. Þar sem arðsemisjónarmið liggja yfirleitt ekki að baki opinberri aðstoð ríkir hættu á að hún verði ekki arðbær. Samvinna hins opinbera og einkaaðila er því mikilvæg. Hið opinbera getur greitt fyrir því að umhverfið sé vinsamlegt einkageiranum. „Það má segja að hlutverk hins opinbera sé að búa til hagfellt umhverfi fyrir einkageirann, svo hann geti byggt upp hagvöxt og þar af leiðandi leitað leiða til að útrýma fátækt. Reynslan hefur líka sýnt að í mörgum tilfellum nær hagvöxturinn ekki til þeirra fátækustu. Opinberir aðilar geta þá miðað beinan stuðning sinn við allra fátækasta fólkið sem ekki nýtur góðs af hagvextinum.“

Sighvatur segir fá íslensk fyrirtæki hafa áhuga á fjárfestingum í þróunarlöndunum. Þau sækist fremur eftir útrás til landa sem þau þekkja vel. Íslensk fyrirtæki sem hafa þekkingu og reynslu af að starfa í þróunarlöndunum séu til, en þau séu mjög fá. Hins vegar séu tækifærin mörg ekki síst meðal fyrirtækja sem starfa á sviði nýtingar á jarðhita, þar sem Íslendingar hafa sérþekkingu. Þá séu jafnframt tækifæri og töluverður áhugi fyrir hendi í sjávarútvegi.



**SIGHVATUR BJÖRGVINSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUNAR ÍSLANDS**  
„Það er ekki hægt að útrýma fátækt nema með því að skapa hagvöxt. Það verður enginn hagvöxtur ef einkageirinn styrkist ekki. Þar af leiðandi verður fátækt ekki útrýmt nema einkageirinn eigi þar hlut að máli.“



**RAGNA SARA JÓNSDÓTTIR, VIÐSKIPTAFULLTRÚI SENDIRÁÐS ÍSLANDS Í DANMÖRKU**

„Vandamálið er að vestræn fyrirtæki hafa svo takmarkaða þekkingu á mörkuðunum að mörg þeirra hafa hingað til ekki getað leitað tækifærin uppi, en á þessu eru að verða verulegar breytingar.“

upphafsstigi þess og veita því aðhald með stjórnarsetu.

Ragna Sara segir að þróunaraðstoð þurfi umfram allt að veita á forsendum heimamanna. „Reynslan sýnir að þróunaraðstoð fer út um þúfur ef hún er gerð á okkar vestrænu forsendum. Tækifærin til að markaðssetja og þróa vörur í þróunarlöndunum eru fjölmörg. Vandamálið er að vestræn fyrirtæki hafa svo takmarkaða þekkingu á mörkuðunum að mörg þeirra hafa hingað til ekki getað leitað tækifærin uppi, en á þessu eru að verða verulegar breytingar.“

## TVÖ NÝ VERKEFNI Á ÍSLANDI

Íslensk stjórnvöld vinna nú að tveimur verkefnum þar sem leitast er við að tengja fyrirtæki við verkefni í þróunarlöndunum. Annars vegar er um samstarf við Alþjóðabankann að ræða. Bankinn lánar á milli 15 til 20 milljarðar Bandaríkjadalara ár hvert til ríkisstjórna þróunarríkja til að fjármagna þróunar- og uppbyggingarverkefni. Hann ræður ráðgjafa til starfa í verkefnum sínum á mismunandi stöðum í verkefnahringnum, allt frá því að skilgreina verkefnið, greina það, framkvæma, meta og fylgja því eftir. Í þessu verkefni þarf bankinn sérfræðinga af hinum ýmsu sviðum. Íslensk fyrirtæki hafa hingað til að litlu leyti tekið þátt í verkefnum og útboðum Alþjóðabankans en gefst með samstarfinu tækifæri til að kynna ráðgjafa Alþjóðabankans á námskeiðum og kynningarfundum.

Hins vegar er um að ræða verkefnið Nordic Business Outreach sem skrifað var undir 17. apríl síðastliðinn milli utanríkisráðuneytisins og Sameinuðu þjóðanna. Í gegnum það samstarf hefur Ísland aðgang að ráðgjöf sérfræðinga hjá Sameinuðu þjóðunum. Stefnt er að því að á næstu þremur árum verði fimm samstarfsverkefnum komið á fót við íslensk fyrirtæki, stofnanir og samtök sem miða að uppbyggingu á raunhæfu samstarfi opinberra aðila og einkageirans í þróunarríkjunum. Verkefnið er til þriggja ára og nemur stuðningur ráðuneytisins í heild 150 þúsund bandaríkjadolur eða um 9,3 milljónum íslenskra króna.

## MISGÓÐUR ÁRANGUR AF SAMSTARFI

Ragna Sara Jónsdóttir, viðskiptafultrúi sendiráðs Íslands í Danmörku og mastersnemi í viðskipta- og þróunarfræðum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, vinnur nú að loka verkefni sínu. Þar ber hún meðal annars saman reynslu Dana af þróunaraðstoð við reynslu Íslendinga. Danir hafa öðlast töluvert djúpstæðari reynslu af þróunarmálum en Íslendingar, að minnsta kosti er varðar samstarf við einkageirann. Ragna Sara segir þrenns konar leiðir að samstarfi einkageirans og hins opinbera hafa verið farnar þar með misgóðum árangri.

Fyrsta tegund samvinnu sem hún nefnir er uppbygging einkageirans. Þess konar verkefni stuðla að því að fyrirtæki í gjafalandi annars vegar og þróunarlöndi hins vegar stundi viðskipti sín á milli. Slík verkefni hafa reynst misjafnlega vel. Meðal annars hefur flutningur þekkingar ekki gengið vel í ákveðnum Afríkulöndum. Það skrifast meðal annars á að ekki hefur verið nægilega mikil þekking á viðskiptaháttum í landinu. Í Danmörku og víðar hefur þetta kerfi líka verið gagnrýnt fyrir að virka frekar sem styrkur við dönsk fyrirtæki til útrásar heldur en við fyrirtækið í þróunarlöndunum.

Vandamál þessarar tegundar samvinnu eru að sjaldgæft er að fyrirtæki sjái sér hag í þessari tegund af samstarfi. Á undanföllum árum hefur því sokað Public Private Partnership verið að ryðja sér til rúms. Í þeim tilfellum er ekki verið að biðja fyrirtæki að gefa neitt, hvorki þekkingu sína né fjármuni. Hugmyndin er þvert á móti að allir græði. Ragna Sara nefnir frægt dæmi af samstarfi Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlega risans Coca Cola Company. Fyrirtækið hefur gríðarlega gott dreifikerfi í Afríku. Fyrirtækið tók að sér að dreifa eyðnilyfjum með Coke-bílum. Með því bætti fyrirtækið ímynd sína verulega, afskekktir staðir fengu eyðnilyf og allir högnuðust.

Þriðja tegund samvinnu er stofnsetningssjóðs sem lánar fyrirtækjum fé til að hefja starfsemi í þróunarlöndunum. Slíkur sjóður hefur verið starfræktur frá því árið 1967 í Danmörku. Eins sjóði er einnig að finna á hinum Norðurlöndunum en ekki hér á landi. Íslensk fyrirtæki geta þó meðal annars leitað til Norræna þróunarsjóðsins og Þróunarbanka Evrópu eftir áhættufjármagni. Sjóðirnir veita ekki einungis lán heldur einnig ráðgjöf um hvernig eigi að stofna fyrirtæki í þróunarlöndum. Þá eiga þeir jafnan stóran hlut í fyrirtækinu sjálfir á

## Hámarks hagkvæmni í rekstri fjármögnunaraðila

Skuldabréfa- og innheimtukerfi fyrir innlend og erlend skuldabréf



Griffa



# Við viljum gera enn betur

Orkuveitan er fyrst íslenskra fyrirtækja með þá stefnu að fjölga vistvænum farartækjum í starfsemi sinni. Innan sex ára er stefnt að því að vera með að minnsta kosti 55% af bíla- og vinnuvélaflota fyrirtækisins knúin með vistvænum orkugjöfum og strax í ár mun hlutfallið verða að minnsta kosti 10%.

Orkuveita Reykjavíkur tengir heimilin við náttúruauðindir landsins. Ábyrg stefna og umhyggja fyrir umhverfi og samfélagi er því grundvallarþáttur í starfsemi OR.



ÍSLENSKA SJÁIS/ORK 37672 05/07

**NIÐURHAL MEÐ SKRÁASKIPTIFORRITI**  
Gert er ráð fyrir að í haust ljúki rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á hendur mönnum sem grunaðir eru um að hafa sett efni sem verndað er með höfundarrétti á netið og hugsanlega dreift því.

MARKAÐURINN/VALGARÐUR



# Margar hliðar á niðurhali

Í haust lýkur rannsókn á hugsanlegum hugverkastuldi tíu netverja sem handteknir voru vegna ólögmetrar dreifingubúnaði á netinu. Heildarverðmæti ólöglegs niðurbals hér á landi nemur 1,8 milljörðum króna. *Jón Aðalsteinn Bergsson* niðurbalsmálsins“ og rýndi í þunga dóma sem fallið hafa í álíka málum upp á síðkastið.

**A**llt stefnir í að rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á hugsanlegum hugverkastuldi netverja ljúki á haustdögum. Málið er prófsteinn héraðs og má gera ráð fyrir að kærsmål vegna hugsanlegra brota á hugverkastuldi líti dagsins ljós í kjölfarið falli dómur í hag rétthafa tónlistarefnis, kvikmynda og hvers kyns stafræns efnis, sem dreift hefur verið um netið. Í nær öllum erlendum málum sem þessum hafa forráðamenn skráaskiptifyrirtækja hlotið dóma, sumir hverjir þunga.

Málið hófst í september árið 2004 þegar gerð var húsleit hjá tólf einstaklingum sem grunaðir voru um að dreifa og sækja kvikmyndir, sjónvarpsefni, tónlist og hugbúnað með DC++ skráaskiptihugbúnaðinum. Tólfmenningarnir voru handteknir og tölvubúnaður þeirra gerður upptækur en hann er enn í vörslu lögreglunnar. Eins og staðan er í dag stefnir í

að mál tíu af tólf fari fyrir dómstóla. Rannsókn á málinu hefur staðið yfir hjá lögreglu allt fram til þessa dags. Brot gegn höfundaréttarlögum getur varðað allt að tveggja ára fangelsi auk sekta.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands er talið að hátt í 100.000 Íslendingar hafi sótt sér tónlist eða kvikmyndir í gegnum netið, þar af eru um 70.000 sem hafa nýtt sér skráaskiptihugbúnað á borð við DC++.

Á málfundi sem Háskólinn í Reykjavík efndi til í tilefni af íslenska hugverkadeginum í lok apríl síðastliðins kom fram að íslenska vefsvæðið Istorrent er vinsælasta skráaskiptikerfið héraðs með 16.000 notendum. Svo vinsælt er það, að notendum hefur fjölgað um 3.000 síðan þá. Á degi hverjum eru 300 skrár aðgengilegar hjá veitunni og geta allir notendur hennar sótt sér þær. Það telst þó ólíklegt að þeir séu allir inni í einu. Og ekki ná þeir í allar skrár sem í boði eru hverju sinni. Engu að síður nemur heildarverðmæti gagna sem hægt er að fá gríðarlegum fjárhæðum. Samkvæmt útreikningum SMÁÍS, samtaka rétthafa myndefnis á Íslandi, nemur verðmæti skrána sem Istorrent veitir 1,8 milljörðum króna á ári hverju. Þá er ótalið verðmæti allra þeirra skráa sem íslenskir netverjar hafa aðgang að með öðrum forritum og niðurbali erlendis frá.

## FRUMKVÖÐULL EÐA SPELLVIRKI?

Skráaskiptiforrit hafa verið til í um átta ár. Í byrjun júní árið 1999 setti Shawn nokkur Fanning hugbúnaðinn Napster á netið. Þetta var talsverð bylting og var Fanning hylltur á forsíðum fjölmargra tímarita og dagblaða sem einn af frumkvöðlum í upplýsingatækni.

Napster var að nokkru leyti frábrugðið þeim skráaskiptiforritum sem nú eru til en í dag er um svokallað jafningjasvæði (peer-2-peer) að ræða. Þótt notendur Napster hafi deilt efni sín á milli þá var gagnagrunnurinn miðlægur, sem þýðir að setja þurfti upp gagnabanka þaðan sem notendur sóttu sér efni. Vegur Napsters óx mjög hratt og varð það fljótlega gríðarlega vinsælt en notendur voru 26,4 milljónir talsins þegar mest var. Helstu notendur hugbúnaðarins voru háskólanemendur og nýttu þeir háhraðatengingar og stórt geymslurými í netkerfum háskóla til að byggja upp öflugt gagnasafn til að deila tónlist sín á milli og setja saman geisladiska líkasta þeim sem fengust í rekkum hljómplötuverslana. Eini munurinn var sá að diskarnir kostuðu sitt í versluninni en útgjöldin voru engin hjá nemendumum að undanskildum kostnaði við kaup á tónum geisladiski.

Ský dró fyrir sölu hjá aðstandendum Napster þegar bandaríska rokkhljómsveit-

**Fyrsti fangelsisdómurinn í máli sem þessu féll í mánuðinum en þá var maður í Hong Kong dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir dreifingu á þremur kvikmyndum um hið vinsæla BitTorrent-jafningjanet.**





CE merking byggingavara  
www.si.is/ce



# Framtíðin er í okkar höndum

Framtíðin felst í hátækni

Sjá stefnu Samtaka iðnaðarins og áskorun á www.si.is



0101010ATGC10101010ATGC  
1010ATG  
01010A  
0ATG  
1010  
ATGC0  
10ATGC  
010ATGC1010  
ATGC01010A



Hvetjum landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi og það er að finna á Meistarinn.is

# Íslenskur iðnaður

MIÐVIKUDAGUR 30. MAÍ 2007




FRÉTTABLAÐID/HEIDA

# ÍSMÓT 2007

## Íslandsmót þjónustuiðngreina Samtaka iðnaðarins

fer fram 1. og 2. september í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal



# Nýsköpun er dráttarklár framtíðarinnar

Nýr iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, mun leggja mikla áherslu á að samræma náttúruvernd og náttúrunýtingu í ráðuneyti sínu auk þess sem hann mun ýta undir farsælt umhverfi fyrir hátækni- og sprotafyrirtæki á kjörtímabilinu.

„Ég lít svo á að það séu tvinn meginverkefni sem bíða mín sem nýs iðnaðarráðherra. Hið fyrra felst í að taka þátt í því að skapa sátt milli verndunar og nýtingar náttúrunnar. Við höfum lagt mikla áherslu á það í mínum flokki, og það kemur glögglega fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að við viljum fara hægt í þessum efnunum,“ segir Össur og bætir því við að mikið kapp verði lagt á að ljúka gerð rammaáætlunar um náttúruvernd og nýtingu. Þar verði farið skipulega í öll svæði og þau metin út frá náttúruverndu verðmæti þeirra. „Þannig verður hægt að taka frá, þess vegna um alla eilífð, svæði sem við teljum vera ómetanleg,“ bætir hann við. „Okkar nálgun er í reynd frábrugðin því sem áður var, að því leyti að við skoðum málin og komumst að niðurstöðu út frá verndargildi náttúrusvæðanna. Önnur tegund nýtingar verður þá að lúta því.“

Össur segir þetta vera annað meginverkefnið í þessu nýja ráðuneyti. „Til dæmis liggur fyrir að þar til þessu lýkur þá verður ekki heimilt að fara með nokkrum hætti rannsóknir eða nýtingu á tilteknum, mjög verðmætum svæðum eins og Öskju, Brenni- steinsfjöllum, Kverkfjöllum, Hveravöllum og Torfajökli. Þá verður alveg óheimilt að nota Langasjó í virkjunarskyni.“ Þetta segir Össur mjög vandmeðfarið og kalli á mjög náð samstarf milli iðnaðar- og umhverfisráðuneytis. „Eitt af mínum fyrstu verkum í gærmorgun, eftir að ríkisstjórnarfundur sleppti, var einmitt að leggja fyrstu drög að slíku samstarfi,“ segir Össur, en í stefnuyfirlýsingunni hafa ráðuneytin gefið sér ákveðinn tíma til að ljúka þessu og stefna á árið 2009 sem er um miðbik kjörtímabilsins. Þangað til rammaáætlunin verður tilbúin segir Össur að beðið verði með allar framkvæmdir sem séu háðar ákvörðunum hans sem ráðherra.

„Hitt verkefnið, sem ég hlakka ekkert síður til að takast á við, er að breyta með vissum hætti áherslum hér í ráðuneytinu. Ég vil leggja mjög mikla áherslu á uppbyggingu á hátækni- og þekkingarframleiðslu og skapa hér mjög farsælt umhverfi fyrir sprotafyrirtæki,“ segir ráðherra sem var fremstur meðal jafningja í þingflokkinum þegar skrifuð var mjög ítarleg stefna sem tengist uppbyggingu á hátækni- og sprotafyrirtækjum. „Þannig að ég tel mig vera með mjög vel útfærða stefnu sem mig langar til að hrinda í framkvæmd, að sjálfsögðu



Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, leggur sérstaka áherslu á það í nýju ráðuneyti sínu að samræma náttúruvernd og náttúrunýtingu. Auk þess telur hann mikilvægt að búa hátækni- og sprotafyrirtækjum farsælt umhverfi hér á landi.

í góðu samstarfi við önnur ráðuneyti. Hin nýja megináhersla af minni hálfu verður á þennan málaflokk.“

## ÁHERSLA Á HÁTÆKNI- OG SPROTAFYRIRTÆKI

Össur segir að í þessu felist margar breytingar og það taki langan tíma að hrinda þeim í framkvæmd. „Breytingarnar lúta að því að veita stóráuknu fjármagni í ýmsa rannsóknarsjóði og styðja við hugmyndir sem frumkvöðlar hafa fengið til þess að þær komist á þann legg að þær geti notið fyrirgreiðslu og fjármögnunar frá þeim sjóðum sem fyrir eru og bankastofnunum.“ Þá segist Össur hafa skoðað sérstaklega hvernig hægt sé að skapa sérstaka skattaumgjörð sem örvar fólk til að leggja þolinmótt fjármagn í sprotafyrirtæki. „Líkt og var þegar menn máttu kaupa ákveðinn skammt af hlutabréfum á hverju ári gegn skattfrelsi. Það var gert af þeirri ríkisstjórn sem ég sat í áður og ég vil gjarnan útfæra þetta kerfi fyrir sprotafyrirtækin. Að auki vil ég horfa til þess hvernig þetta hefur verið gert í öðrum löndum, eins og til dæmis Englandi, sem ég hef skoðað sérstaklega,“ segir Össur og bætir því við að ákaflega sterk áhersla verði á þessi mál í ráðuneytinu.

„Þessi áhersla á hátækni og sprotafyrirtæki smellur eins og flís við rass við nýjar breytingar sem verið er að gera á stofnunum ráðuneytisins,“ segir Össur og nefnir þar að 1. ágúst næstkomandi verði lokið við samruna Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarinnar. „Úr því verður eins konar nýsköpunarmiðstöð. Áhersla verður lögð á að hún starfi í sem mestu samstarfi við háskólaumhverfið, nærast á þeim hugmyndum sem spretta hjá ungum vísinda-

mönnum sem eru að ljúka sínum framhaldsverkefnum; doktorsnemum og meistaranemum og auðvitað því frábæra starfslíði sem er að finna innan háskólanna.“

## DRÁTTARKLÁR FRAMTÍÐARINNAR

Össur segist líta svo á að nýsköpun verði mjög mikilvæg þegar fram líða stundir til að skera úr um hvort Íslendingar haldi því samkeppnisforski varðandi velferð íbúanna sem þeir hafa í dag. „Þau sprotafyrirtæki sem spretta úr jarðvegi hátækni og þekkingarframleiðslu og ná að vaxa og dafna upp í sterka stofna verða gríðarlegur dráttarklár í framtíðinni fyrir þetta samfélag,“ segir Össur og nefnir þar fyrirtæki á borð við Össur, Marel og með vissum hætti Íslenska erfðagreiningu. „Þessi fyrirtæki skapa gríðarlegan auð, framleiða mikla og verðmæta þekkingu og eru farin að skipta mjög miklu máli í atvinnulífi landsmanna. Ekki síst vegna þess að þau opna ungu fólki ný tækifæri til að finna viðfangsefni við sitt hæfi, finna störf sem hæfa mikilli menntun og ryðja brautina fyrir aðra.“ Þetta segir Össur vera þá byggðastefnu sem þjóðin þurfi á að halda; að skapa hér fjölbreytt og margbrotið atvinnulíf sem býður upp á skemmtileg störf fyrir þá sem hafa aflað sér nýrrar menntunar. „Ef við getum ekki fundið andlag hér á Íslandi fyrir krafta þessa fólks þá töpum við blóma kynslóðanna til útlanda. Þannig að þessu er ætlað að vera segulmagn fyrir unga fólkið til að halda því hér á Íslandi með því að skapa því betri lífsskilyrði og fjölbreytilegri starfstækifæri en annars staðar.“

Össur segist sjá fyrir sér að þessi nýsköpunarmiðstöð gæti átt sér ból í Vatnsmýrinni í skjóli háskólanna beggja, Háskóla Íslands

og Háskólans í Reykjavík. „Það þarf þó ekki að einskorða sig við þá tvo heldur leita samstarfs með öllum háskólunum.“

## OLÍA VIÐ ÍSLANDSSTRENDUR

Síðar á árinu eru fyrirhugaðar breytingar á iðnaðarráðuneytinu þegar ferðamálin færast undir ráðuneytið. „Ég bind miklar vonir við þann málaflokk því hann er líka hluti af nýja atvinnulífinu eins og hátækni, þekkingar, framleiðslu og fjármálaþjónusta, og í því liggja mjög miklir möguleikar. Ekki síst vegna þess að í stöðugt vaxandi mæli eru velmegandi borgarar á Vesturlöndum að líta eftir tækifærum til að ferðast til landa sem eru ósnortin,“ segir Össur.

Össur segir margt fleira spennandi í ráðuneytinu og nefnir þar sem dæmi nýtingu jarðefna á hafsbotni en nú liggja fyrir niðurstöður sem verið er að meta í ráðuneytinu um að olíu gæti verið að finna á landgrunni sem tilheyrir Íslandi. „Þetta voru vangaveltur manna en nú virðist vera fræðilegur niðurstöðugrunnur sem gefur til kynna að þær eigi við rök að styðjast. Innan nokkurra ára gæti því komið til þess að hér verði úthlutað leyfum til fyrirtækja til að leita að olíu.“

Ráðherra segist leggja sterkar umhverfisáherslur innan ráðuneytisins og að hann muni leggja sig fram um það, eins og atgervi og fjármagn leyfa, að ýta undir framleiðslu og notkun á endurnýjanlegu eldsneyti, auk þess að ýta undir þróun umhverfisvænnar tækni. „Þá þarf að beita hagrænum hvötum til þess að ýta undir að menn geti keypt samgöngutæki sem ganga fyrir umhverfisvænu eldsneyti og aðstoða með einhverjum hætti við framleiðsluna. Þarna er hægt að lækka skatta og vörugjöld á slík tæki og búnaðinn sem þarf. Það liggja ákveðin drög að þessu nú þegar og full ástæða til þess að efna til samstarfs um þetta milli nokkurra ráðuneyta; umhverfis- iðnaðar og fjármála- ráðuneytisins til þess að ná fram heildstæðri stefnu um þessi mál.“

Að lokum nefnir Össur að draga þurfi úr losun skaðlegra gróðurhúsalofttegunda en þar glytti í nýja tækni sem gæti á næstu árum skipt sköpum varðandi losun, til að mynda frá stóriðju. „Þar er annars vegar sá möguleiki að nota kolefnisfrí rafskaut, sem er ný tækni sem ég ætla að kynna mér sérstaklega erlendis þegar líður á sumarið. Hins vegar er hér á Íslandi að hefjast tilraun innan háskóla- samfélagsins í tengslum við erlenda háskóla um niðurdælingu á koldíoxíði sem verður til við stóriðju. Þetta er mjög spennandi verkefni sem forseti Lýðveldisins hefur hrundið af stað hér innanlands með því að kalla til sérfræðinga frá Bandaríkjunum,“ segir iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, sem hyggst leggja mikið kapp á að styðja og efla þessi verkefni með öllum tiltækum ráðum.

sigridurh@frettabladid.is



Ertu að spá í atvinnutæki?  
VIÐ FJÁRMÖGNUM  
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á [www.gf.is](http://www.gf.is) eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

**GLITNIR**

FJÁRMÖGNUN



# Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

**Bílskúrshurðir**  
**Iðnaðarhurðir**  
**Ál-trégluggar**  
**Rennihurðir**  
**Hringhurðir**  
**Trégluggar**  
**Álgluggar**  
**Loftristar**  
**Tréhurðir**  
**Útihurðir**  
**Álhurðir**

Víðarhöfða 3 • Sími 577 5050

[www.gluggasmidjan.is](http://www.gluggasmidjan.is)



**GLÓFAXI HE.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



**BROT**  
**BORTÆKNI**

SÖGUN • BORUN  
PEKKING • REYNSLA

**www.bortaeakni.is**

**STEYPUSÖGUN  
KJARNABORUN  
MÚRBROT**

**550 5600**

Hringdu ef blaðið berst ekki



**FRÉTTABLAÐIÐ**

- mest lesið

**Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar**



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



„Það er allra hagur að nú verði horfst í augu við þessa misheppnuðu vaxtastefnu og hún leiðrétt,“ segir Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins.

## Vextir verða að lækka

Samtök iðnaðarins sjá flest jákvætt við stefnufirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

„Við hljótum að minna á að starfs-skilyrði atvinnulífsins verða að vera viðunandi til þess að unnt verði að hrinda í framkvæmd þeim góðu áformum sem þar koma fram. Við bætum ekki velferð fólksins nema skilyrði séu til öflugrar verðmætasköpunar í atvinnulífinu,“ segir Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins.

Hann telur fagnaðarefni hve fljótt og fumlaust stjórnarmyndunin gekk fyrir sig. „Óvissa um stjórn landsins, að ekki sé talað um stjórnarkreppur eins og tíðkuðust á áttunda og níunda áratugnum, geta valdið ómældum skaða. Nú er ekkert að vanbúnaði og við treystum öflugri stjórn til góðra verka enda hefur hún nálægt tvo þriðju kjósenda og þingmanna á bak við sig og hefur því mikinn stuðning og pólitískt afl.“

Helgi bendir á að í stefnufirlýsingunni komi meðal annars fram að tryggja beri stöðugleika í atvinnulífinu, lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utarríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs. Þessar segir hann að séu einnig megináherslur Samtaka iðnaðarins varðandi efnahagsumhverfið og því fagni Samtök iðnaðarins sérstaklega.

Ný ríkisstjórn boðar samráðsvettvang milli ríkis og vinnu- markaðar og sveitarfélaga um aðgerðir og langtímamarkmið á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála.

„Þetta er skynsamleg tillaga og við tökum þessu boði fagn-

andi fyrir okkar leyti. Ný ríkisstjórn boðar viðtækar aðgerðir til að efla velferðarkerfið og bæta hag þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Það telja Samtök iðnaðarins einnig samkeppnismál og fagna því. En til þess að þessi göfugu áform ná fram að ganga þarf nú þegar að ráðast gegn þeim gríðarlegu háu vöxtum sem ríkja í landinu og íþyngja fyrirtækjum og heimilum landsmanna,“ segir hann.

„Það verður að viðurkenna að vaxtastefna stjórnvalda sem framkvæmd er af Seðlabankanum virkar ekki. Þessir ofurháu vextir sem ætlaðir eru til að ná verðbólgu markmiðum eru að slíga framleiðsluatvinnugreinarnar og valda óraunhæfri styrkingu krónunnar sem hefur styrkst um tólf prósent það sem af er þessu ári. Útflutningsgreinar í iðnaði og sjávarútvegi ásamt ferðaþjónustu mega ekki við þessu og samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu versnar stórum,“ segir hann og fullyrðir að ekki séu raunveruleg rök fyrir svo sterkri krönu.

„Hér er að safnast upp skekkja sem mun leiðréttast með hveli ef ekki verður farið á móti þessari þróun sem fyrst. Ofurvextir styrkja krónuna þannig að gjaldryrir er á útsölu og leiðir til óeðlilegrar þenslu. Ný ríkisstjórn verður að endurmeta þau verðbólgu markmið sem Seðlabankanum er gert að framfylgja með ofurvöxtum. Annars mun atvinnulífið ekki ná að dafna með þeim hætti sem það hefur að öðru leyti allar forsendur til.“

Atvinnulífið þarf eðlileg rekstrarskilyrði og næði til verðmætasköpunar til að vel meint áform stjórnarsáttmálans nái

fram að ganga, að mati Helga. „Það er allra hagur að nú verði horfst í augu við þessa misheppnuðu vaxtastefnu og hún leiðrétt. Seðlabankanum er gert að halda einhverjum verðbólgu markmiðum en það er ekki raunhæft því að vextirnir eru keyrðir svo hátt upp að það ræður enginn við að borga þessa vexti.“

Helgi bendir á að ný ríkisstjórn hafi tekið við völdum og því sé hægt að ryðja öllu því gamla út af borðinu og byrja með hreint borð. „Nú er tækifærið,“ segir hann. „Ríkisstjórnin ákveður þessa stefnu í samráði við Seðlabankann. Við segjum: Leiðréttið hana. Áformin eru góð. Vextina verður að lækka þannig að krónan styrkist ekki með óeðlilegum hætti. Ef þetta verður gert þá skapast rekstrarumhverfi sem gerir að verum að atvinnulífið dafnar, verðmætasköpun verður mikil og aðstæður verða til að bæta hag þeirra sem eru verr settir og lækka skatta fólks og fyrirtækja.“

Forystumenn Samtaka iðnaðarins hafa gjarnan talað fyrir því að taka upp evru og ganga í Evrópusambandið. „Á iðnþingi í mars hvöttum við til þess að nýtt kjörtímabil yrði notað til þess að gera út um það hvort Íslendingar ættu erindi í Evrópusambandið og tækju þá upp evru í leiðinni. Þetta þýðir ekki að tala um nema helstu stjórnmalaflokkar landsins séu tilbúnir til þess og samstaða náist í atvinnulífinu og hjá verkalýðshreyfingunni. Ég segi það sama og áður: Nú er nýtt kjörtímabil og hreint borð. Það gefur tækifæri til að hefja þessa umræðu á annað stig og fá niðurstöðu. Þetta finnst mér mega lesa út úr stjórnarsáttmálanum.“

**LÉTT  
BYLGJAN**

967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

# Álið er málið

Fegurð, mýkt, ending



## Valsað báruál

Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál. Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti til á lager:

Ólitað ál	
RAL 1013	Perluhvítt
RAL 3002	Rautt
RAL 3009	Móráutt
RAL 5009	Blátt
RAL 6003	Ólívugrænt
RAL 7011	Koksgrátt
RAL 7016	Dökkgrátt
RAL 9006	Silfurmetallic
RAL 9010	Hvítt
RAL 9007	Dökkur Metallic



## Horðu til himins

Gæða þakgluggar á frábæru tilboðs verði. Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98  
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

RAL 3009 Móráutt  
RAL 9005 Svart  
RAL 9010 Hvítt



**HÚSASMÍÐJAN**  
Sími 525 3000 • www.husa.is

Söluaðili:  
Verlanir Húsasmíðjunnar  
um land allt

Áltak býður breiða línu af gæða byggingarvörum m.a. utanhúsklæðningar, undirkerfi fyrir utanhúsklæðningar, kerfisloft, kerfisveggi, innihurðir, reyklúgum, reykræstibúnað og brunakerfi, einnig glugga, hurðir, samlokueiningar, kerfisgólf o.fl. Áltak hefur það að markmiði að bjóða eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Skoðaðu úrvalið á [www.altak.is](http://www.altak.is)



## Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)





Nýja línan er stíluð inn á ferðamenn í sumar.



Fötin frá Glófa eru alislensk framleiðsla. Fötin eru hönnuð og framleidd hérlandis og íslensk ull mestmegnis notuð í framleiðsluna.



Glófi nýtur að sögn Bryndísar nokkrar sérstöðu þar sem um alislenska framleiðslu er að ræða.

## Nýju lífi blásið í íslenska ullariðnaðinn

„Við erum að kynna nýja línu til sögunnar, hátísku ullarvörur, sem verða stílaðar inn á ferðamenn í sumar. Svo er verið að skipuleggja framhaldið í haust og vetur,“ segir Bryndís Rut Logadóttir, sölu- og markaðsstjóri Glófa, sem stóð nýlega fyrir tískusýningu í Kaffi Flóru í Grasagarðinum í Laugardal.

Að sögn Bryndísar er mikið lagt upp úr því að hafa ullarfötin einföld útlits, vönduð, klæðileg og í sumum tilfellum þjóðleg. Þó fer ekki mikið fyrir munstrum sem hafa skreytt íslenskar lopapeysur um áratugaskeið, þar sem Bryndís

segist hafa komist að því að þau séu ekki mikið í tisku um þessar mundir.

„Um alislenska framleiðslu er að ræða og verður stílað inn á það í markaðssetningunni,“ heldur Bryndís áfram. „Íslenskir hönnuðir eiga hugmyndirnar að fötunum, íslensk ull er notuð í meginhluta framleiðslunnar og varan búin til í tveimur verksmiðjum hér á landi, annarri á Hvolsvelli og hinn á Akureyri. Við njótum nokkrar sérstöðu hérlandis fyrir þær sakir og munum þess vegna vekja athygli á henni.“

Bryndís segir framleiðslu á ullarfatnaði hafa verið deyjandi iðn á Íslandi þegar Glófi kom til sögunnar. Með tilkomu fyrirtækisins

hafi hins vegar tekist að blása nýju lífi í iðnaðinn. Fyrirtækið sé enn að stækka og sé nú orðið stærst í ullarbransanum hérlandis. Nýja línan sé vitnisburður um sóknina og ríkir mikil eftirvænting með þróun mála í haust og vetur.

roald@frettabladid.is



Bryndís kveður nýju línuna samantanda af hátísku ullarfatnaði.



Áhersla er lögð á að hafa fötin einföld útlits og því fer ekki mikið fyrir munstrum.



Fötin voru hönnuð með þægindi í huga og framleidd í samræmi við það.



Bryndís Rut Logadóttir, sölu- og markaðsstjóri Glófa, stóð nýlega fyrir tískusýningu í Kaffi Flóru í Grasagarðinum í Laugardal.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

# Heildarlausnir

A góðum jámum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Endurnýjunar- og  
viðhaldskerfi fyrir þök



# Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði. Hin teygjanlega, samskeytalaus gúmmihúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið  
strax í dag þér að  
kostnaðalaus

**696 7282**  
pace@coat.is

# Nýjung sem nýtur víða vinsælda

„Við erum búnir að hanna og framleiða mælitæki, sem mælir vatnsmagn í efnunum, á aðeins sekúndubroti. Nokkri stórir aðilar úti í heimi hafa þegar sýnt verkefninu áhuga og hafa Nestlé og Thoms, sem framleiðir Anton Berg, þegar orðið sér úti um eintök,“ segir Ólafur Helgi Jónsson, framkvæmdastjóri Intelscan, frumkvöðlafyrirtækis, sem hefur haft veg og vanda af hönnun mælisins síðan 1998.

Að sögn Ólafs er mælirinn, sem kallast vatnsinnihaldsmælirinn ætlaður fyrir fóður- og matvæla- markaðinn, til að stjórna framleiðslu og passa upp á vörugæði. „Mælirinn er notaður til að sjá hvort vatnsmagn í matvöru er of mikið eða lítið, en eins og menn vita minnkar geymsluþol matvöru ef innihald vatns er óæskilega hátt,“ segir hann.

Hugmyndin að mælinum varð til þegar Ólafur starfaði hjá skosku fyrirtæki fyrir tæpum áratug síðan. Fyrirtækið lenti í vandræðum með að mæla raka og að lokum reyndist ógerningur að leysa úr því að hans sögn. Það varð til þess að Ólafur fór að velta fyrir sér aðferðum til að yfirstíga svipuð vandamál og þá fór boltinn að rúlla.

„Eftir að hugmyndin varð til stofnaði ég ásamt fleirum fyrirtækið Intelscan utan um hana árið 2000,“ útskýrir Ólafur. „Við



gerðum viðskiptaáætlun, sem við lögðum fyrir Nýsköpunarsjóð og Kaupþing. Þá fékkst fjármagn til að hanna frumgerð í samvinnu við fyrirtæki í Edinborg, sem hægt var að prófa á rannsóknastofu. Mælirinn gaf góða raun og fengust þá fleiri styrkir svo hægt var að þróa hann og framleiða fyrir

almennan markað. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem tæki með svipað notagildi eru framleidd. Að sögn Ólafs hefur hins vegar ekkert þeirra gert sig, sem hefur komið ákveðnu óorði á vatsinnihaldsmæla. „Við erum að berjast við þessa neikvæðu ímynd og erum smám saman að hafa betur í


baráttunni. Það sést af því hversu góðar viðtökurnar hafa verið hér sem og erlendis.

Þeim fjölgar stöðugt Evrópulöndunum þar sem hann hefur verið tekinn í notkun og má þar nefna Bretland, Danmörk, Þýskaland, Finnland og Ítalíu.“

roald@frettabladid.is

Ólafur segir heilmikinn tímasparnað fólgin í notkun mælisins. Maður þurfi ekki lengur að taka sýni, fara með það í rannsókn og bíða í tvo til þrjú tíma áður en í ljós kemur hvort vatnsmagn er alltof lítið eða mikið. Niðurstöðurnar liggja strax fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# 130 m á hæð

„GP færir sig á annan hæg bókunum af öllum stöðum og gæðum. Við eigum að hafa lengi og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Sérstök Lýsing sér þörfum viðskiptavina síns.“

Ólafur Kristjánsson forstjóri, GP Ísland

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með erfurða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastiðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakkið á fjölda fyrirtækja viðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

**LÝSING**

17011111 / 540 1800





## Ríkið sýkn- að af kröfum ljósmyndara

Hæstiréttur hefur sýknað íslenska ríkið af kröfum Ljósmyndarafélags Íslands sem vill meina að fyrir utan þá sem taka myndir í eigin vegabréf og nemendur í ljósmyndun sé ljósmyndurum með iðnréttindi einum heimilt að taka ljósmyndir í íslensk vegabréf.

Héraðsdómur hafði áður fallist á kröfu ljósmyndara en Hæstiréttur sneri niðurstöðunni við.

Í dómnum er sagt að útgáfa vegabréfa sé meðal verkefna sem stjórnvöldum séu falin með lögum og því hluti af stjórnslu ríkisins. Við breytinguna á tilhögun útgáfu vegabréfa var myndataka í vegabréf gerð að þætti í útgáfufurlinu. Að mati réttarins er myndatökan einföld og engin þörf á sérkunnáttu ljósmyndara. Rétturinn féllst því á þær röksemdarfærslur íslenska ríkisins að myndataka á staðnum væri órjúfandi þáttur í verkferlinu og því ekki gerðar faglegar kröfur líkt og um myndatöku í atvinnuskyni væri að ræða.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt þessa niðurstöðu Hæstaréttar harðlega og vísa þar í iðnaðarlöggjöfina. Allt frá því hún hafi verið sett 1927 hafi mikil virðing verið borin fyrir réttindum iðnmenntaðra manna og löggjafinn lagt sig fram um að setja fram skýrar reglur um lögvarðan rétt iðnaðarmanna. Telja samtökin að virðingin sé á þrotum þegar réttarvernd heillar löggiltrar iðngreinar, líkt og ljósmyndara, sé sniðgengin eins og gert sé við útgáfu vegabréfa.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is)

# Samtök iðnaðarins UM MENNTUN OG MANNAUÐ

**Mannauð fyrirtækja þarf að efla með öllum ráðum, ekki síst í gegnum menntakerfið sem er meginuppspretta þess auðs.**

**Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntaða starfsmenn.**

**Í því felst sameiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda.**

Úr ályktun Iðnþings 2007.

# SI

Samtök iðnaðarins



## Grillveisla

## Sægreifans

Hin fullkomna

humarsúpa

samkvæmt New York Times

Opíð 7-21 alla daga vikunnar

Humarsúpa

Fiskur á grillið

## Sægreifinn

Sérverslun með sjávarfang  
Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

# SérEfni ehf.



SérEfni ehf er nýr endursöluvæðili á Nordsjö inni- og útimáningu. Nordsjö gæðamálingin er búin að vera á markaði á Íslandi í hálfu öld með frábærum árangri enda hönnuð fyrir norðlægar aðstæður. SérEfni ehf hefur það að leiðarljósi að bjóða fyrst og fremst upp á gæðæfni og veita faglega ráðgjöf og þjónustu.

Leitið ráða um lita- og efnisval á staðnum hjá efnavekfræðingi, málara og ráðgjafa með 30 ára reynslu. Gæði þekking og reynsla tryggir rétta lausn við málun. Við bjóðum upp á allar tegundir af inni- og útimáningu og verkfærum.

Nordsjö málningavörur eru sænskar og hannaðar með gæði og endingu að leiðarljósi þar sem umhverfispættir eru ætíð hafðir að leiðarljósi.

Nordsjö lökkín eru talin vera þau bestu á markaðnum enda sækja fagmenn í að nota þau. Nordsjö málingin er hönnuð fyrir fagmenn í húsamálun en henta ekki síður almenningi sem gerir kröfu um endingu, þekju og gæði.

Nordsjö útimálingin og viðarvörmin hefur staðist tímans tönn á Íslandi um örabil.

SérEfni ehf býður enn fremur upp á málningavörur frá International sem eru sérhannaðar til tæringavarnar á stáli, þökum og málmum.

SérEfni býður uppá heildarlausn við málun jafnt úti sem inni.

**SérEfni.** Lógmúli 7, bakhús. Opíð 08.00-18.00 alla virka daga og á laugardögum frá 10.00-14.00 Sími 517 0404.



Laufey Björg Sigurðardóttir, nemandi á listnámsbraut hönnunarsviðs, hlaut sjö verðlaun fyrir námsrángur á nýafstaðinni útskrift Iðnskólans í Reykjavík. Eins og sjá má átti hún í hálfgerðum vandræðum með verðlaunafjöldann.

## Nýir tímar hjá Iðnskólánum í Reykjavík

Iðnskólánum í Reykjavík var slitið formlega í 103. skipti fimmtudaginn 24. maí. Alls 243 nemendur brautskráðust af tuttugu námsbrautum á átta námssviðum skólans.

Í kveðjuræðu sinni ræddi Baldur Gíslason skólameistari um þær breytingar sem orðið hafa í háskólaumhverfinu undanfarnin ár. Nefndi hann þar fjölgun háskóla og nemenda í háskólanámi. Hins vegar harmaði hann hversu fá ný tækifæri til framhaldsnáms í starfsmenntagreinum hefðu orðið til hér á landi enda hefði mesta aukningin orðið í hefðbundnu háskólanámi.

Margt nýtt hefur verið að gerast hjá Iðnskólánum í Reykjavík. Skrifað var undir samning við Vitus Bering University College í Horsens í Danmörku en þar mun iðnmeistaránám í byggingagreinum við Meistararaskóla IR metið sem fyrsta árið í námi þeirra til byggingaiðnfræðings og byggingafræðings. Er talið að þessi sam-

ingur opni margar leiðir til frekara samstarfs við skóla í Danmörku.

Þá er einnig unnið að samstarfi milli Glasgow School of Art, Myndlistaskólans í Reykjavík og Iðnskólans í Reykjavík um nám í keramikhönnun.

Um næstu áramót eru fyrirhugaðar breytingar á rekstrarformi skólans sem verður þá einkarekin. Önnur breyting sem er í farvatninu er að sameina rekstur tveggja skóla, Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands, í einn öflugan starfsmenntaskóla undir nafninu Tækniskólinn. Lagt er upp með að innan Tækniskólans verði margir skólar sem hver og einn verði sjálfstæður. Gert er ráð fyrir sterkri tengingu við atvinnulífið og háskóla með stofnun sérstaks fagráðs við hvern þessara skóla. Að sögn Baldurs stefni Tækniskólinn að því að koma upp viðurkenndum fagháskóla. Hvernig það verði útfært sé of snemmt að segja.



## Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutapjónusta

**VÉLAR:ÞJÓNUSTA**

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 [www.velar.is](http://www.velar.is)  
Höldur á Akureyri er söluvæðili fyrir V&B á Norðurlandi



### ● SPELT Í MYLLUKÖKUR

Notkun spelts í stað hveitis hefur aukist mjög undanfarið. Skiptir þar mestu sú heilsuvakning sem orðið hefur í samfélaginu sem leggur meiri áherslu á lífrænt ræktaða og næringarríka matvöru.

Myllan hefur nú brugðist við þessari eftirspurn og sett á markað kökur, bakaðar úr spelti. Fást þær í þremur bragðtegundum, eplum, múslíi og gulrótum. Myllan hóf einnig fyrir á árinu framleiðslu á samlokubrauði úr spelti. Viðtökurnar við því voru svo góðar að ákveðið var að halda þróun speltvörulínunnar áfram. Innan tíðar er síðan von á pylsубrauðum úr spelti.

Spelt er forn og harðgerð kornategund en talið er að uppruna þess megi rekja til Íran fyrir átta þúsund árum. Spelt er nánast eingöngu lífrænt ræktað enda tekur speltið áburði illa.

Viðhaldsfríar

# ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

Varmaskiptasamstæður  
loftræstistokkar og tengistykki



**HAGBLIKK** ehf.

Smiðjuvegi 4C

Box 281 202 Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Augl. Þorhildar 1460 24


## fjölbreytt nám við allra hæfi

### almennt svið



Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans. **Allt almenna námið er matshæft á milli skóla eftir því sem við á.** Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Þeir nemendur sem lokið hafa eða stunda nám á starfsmenntabrautum geta bætt við sig námi sem leiðir til stúdentsprófs af starfsmenntabrautum/ tæknistúdentspróf.

### fjarnám



Fjarnám er áhugaverður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaranámsins.

### sérdeildasvið



Á sérdeildarsviði eru tvær brautir: **Starfsdeild** • **Nýbúabraut**. Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann).

### rafiðnasvið



Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir: **Grunnnám rafiðna – NÝTT: Hraðnám í grunnnámi rafiðna. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærilegt**  
• **Rafvirkjun** • **Rafeindavirkjun** • **Rafvélavirkjun**  
• **Rafveituvirkjun** • **Símsmíði**.  
Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

### hönnunarsvið



Á hönnunarsviði eru fjórar brautir: **Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik) • **Hársnyrting** • **Fataiðnabraut** (klæðskurður og kjólasaumur) • **Gull- og silfursmíði**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

### byggingasvið




Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina: **Húsasmíði** • **Húsgagnasmíði** • **Múrsmíði** • **Málun** • **Veggfóðrun og dúklagningar**.  
Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

### upplýsinga- og margmiðlunarsvið



Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut** • **Tækniteiknun** • **Margmiðlunarskólinn**.  
Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.



Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í **forritun** og **netkerfum**.  
Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

### tölvusvið

Innritun nemenda sem ljúka grunnskólaprófi í vor stendur yfir og lýkur 11. júní n.k.

Innritun er rafræn og eru allar upplýsingar á skólavef menntamálaráðuneytisins, **www.menntagatt.is** og á vef skólans **www.ir.is**

Aðstoð við innritun fyrir eldri nemendur verður í skólanum 21. og 22. maí n.k. frá kl. 12–16. Einnig geta þessir nemendur sótt um rafrænt og stendur sú innritun yfir. Veflykill og allar nánari upplýsingar eru á skólavefnum **www.menntagatt.is** og á vef skólans **www.ir.is**

Rafræn innritun í fjarnám og kvöldskólann hefst 21. maí n.k. og eru allar nánari upplýsingar á vef skólans **www.ir.is** og á skrifstofu í síma **522 6500**.



**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

Skólavörðuholti | 101 Reykjavík

Sími 522 6500 | Fax 522 6501

www.ir.is | ir@ir.is



Björn Örvar er framkvæmdastjóri ORF Lífæðni sem framleiðir sérvirk prótín en fyrirtækið

# Framleiða prótín í byggplöntum

Fyrirtækið ORF Lífæðni hyggst setja á markað sérvirk prótín síðla sumars sem eru framleidd með hjálp byggplöntunnar. Björn Örvar, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir þessa nýju framleiðsluáferð hafa marga kosti í för með sér.

„Undanfarin ár höfum við verið að þróa nýtt kerfi til að framleiða sérvirk prótín sem eru notuð í iðnaði, læknisfræði, lyfjum og til rannsóknna,“ segir Björn og útskýrir hvernig prótínin hafa verið framleidd fram að þessu. „Þau hafa verið framleidd í tönkum með bakteríum, gersveppum eða spendýrafrumum í. Slík framleiðsluáferð er mjög dýr og stendur framleiðslunni fyrir þrifum í lyfjaframleiðslu því lyfin verða mjög dýr fyrir bragðið.“

Björn segir menn því hafa velt fyrir sér nýjum áferðum til að framleiða þessi sérvirku prótín. „Þá var horft í ýmsar áttir en við horfðum til þess að nýta byggplöntuna, eða byggfræði sem hýsil fyrir þessa framleiðslu og notum erfða-

tækni við framleiðsluna.“

Fyrirtækið, sem var stofnað í ársbyrjun 2001, er nú að ljúka allri tækniþróun og stefnir að því að setja fyrstu afurðir sínar á markað seint í sumar. „Þetta verða tíu mismunandi sérvirk prótín sem eru vaxtarþættir úr manningum,“ segir Björn en fyrstu afurðirnar verða fyrst og fremst settar á erlendan markað fyrir læknisrannsóknir.

„Það er þrennt sem við lítum til með okkar kerfi. Fyrst og fremst getum við keppt mjög vel við verðin. Svo bjóðum við upp á „bio risk free“ vaxtarþætti en þar er átt við að þar sem þetta er framleitt í byggplöntunni þá eru engir sjúkdómur sem berast frá henni í menn. Hingað til hafa menn hins vegar verið að framleiða þetta í spendýrafrumum og þá er alltaf ákveð-

in hættu á að smitsjúkdómur berist, eða þeir framleiða þetta í bakteríum, sem getur líka haft ákveðna áhættu í för með sér,“ segir Björn og bætir við að í þriðja lagi telji þeir sig geta framleitt þessa vaxtarþætti í mjög miklum mæli og því verði verðið lægra en hingað til hefur verið.

-sig



**NORM-X**  
Hita pottar

[www.normx.is](http://www.normx.is)

## Mest seldu hita pottar á Íslandi

Framleiddir með sérstöku tilliti til íslenska hitaveituvatnsins



Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla  
Þúsundir ánægðra notenda



# Íslensk framleiðsla



Viðarkamínur á  
ótrúlega góðu verði

Skoðaðu heimasíðuna [www.normx.is](http://www.normx.is)

Norm-x • Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565-8899.



## Síðustu framleiðslustörfin í boði



### Fjölbreytt og örugg störf

Starfsmenn Fjarðaáls er nú orðnir um 300 og álframleiðsla er hafin. Okkur vantar fleiri starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Verkefni hvers starfsmanns eru fjölbreytt. Störf felast meðal annars í stjórnun tækja og framleiðslu-kerfa í tæknivæddu umhverfi. Mikil áhersla er lögð á öryggi og góða umgengni.

### Góð launakjör

Unnið er á vöktum í sjálfstýrðum teyllum. Laun eru greidd samkvæmt vinnustaðarsamningi Alcoa Fjarðaáls og Afls - Starfsgreinafélags Austurlands. Samninginn er hægt að nálgast á [alcoa.is](http://alcoa.is). Boðið er upp á akstur til og frá vinnu og eina heita máltíð á dag.

### Þjálfun og starfsþróun

Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

### Jafnrétti og velferð

Fjarðaál á að styðja öflugt og fjölskylduvænt samfélag. Stefnt er að jöfnu kynjahlutfalli og góðri aldursdreifingu starfsmanna. Álverið er hannað þannig að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna Fjarðaáls. Starfsmenn fá líkamsræktarstyrk og hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu.

Umsóknarfrestur er til 3. júní.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu fimm mánuðum.



**AUSTURLAND**  
TÆKIFÆRANNA

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Sveitarfélögin á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Fjarðaál aðstoðar þá starfsmenn sem flytjast inn á svæðið.

capacent  
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á [capacent.is](http://capacent.is) (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is) og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur ([sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is](mailto:sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)) og Guðlaugi Arnarsyni ([gudlaugur.arnarson@capacent.is](mailto:gudlaugur.arnarson@capacent.is)) hjá Capacent í síma 540 1000.

[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)

**Alcoa Fjarðaál**





Malarvinnsla og steypa er stór iðja um allan heim og alls staðar svipuð. Því getur hin nýja greiningartækni nýst mjög víða að sögn Þorgeirs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Byltingarkennd greiningartækni

Þorgeir S. Helgason mannvirkjarðfræðingur hefur ásamt samstarfsmönnum héraðs og erlendis þróað nýja tækni til að greina malarefni og spá fyrir um styrk þess, slit- og frostþol.

„Það eru þrjár grunneiginleikar sem þarf að mæla þegar mól er valin í vegfyllingar, steypu, stíflur og fjölmörg skyld mannvirki. Þeir eru stærð, lögun og bergtegund. Efnið þarf alltaf að uppfylla vissar kröfur, eftir notkuninni,“ byrjar Þorgeir útskýringar sínar þegar hann er beðinn að lýsa nýju tækninni. „Algengust er mælingin á stærðinni, þá er mölin sigtuð gegnum mismunandi möskva. Lögunin er næst. Eru steinarnir flatir, flangir, hornóttir, ávalir eða hnöttóttir? Seinlegt hefur verið að mæla það. Síðast er bergsamsetningin. Er um basalt, líparít, gabbró eða granít að ræða? Þær niðurstöður ráða miklu um frostþol og slitþol og þessa þætti alla vilja hönnuðir og aðrir sem nota efnið vita. Þeir setja sínar kröfur.

Þá erum við komin að því sem við í Petromodel erum að

gera. Við höfum þróað búnað til sjálfvirkra greininga á þessum þremur grunneiginleikum; stærð, lögun og efnasamsetningu. Við köllum tækið Petroscope og höfum fengið einkaleyfi á því. Einnig höfum við þróað hugbúnað sem tekur niðurstöðurnar úr því tæki og spár fyrir um tæknilega eiginleika efnisins eins og frostþol og endingu. Þetta er bylting, því um hraðvirkan ljóstækniþúnað er að ræða. Eins og staðan er í dag geta liðið dagar og jafnvel vikur áður en niðurstöður liggja fyrir um eiginleika efnis. Kannski er búið að mala helling af því er í ljós kemur að gæðin uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru.“

Þorgeir segir rannsóknir Petromodels byggjast á samstarfi vísindamanna víða um heim, þó að hann sjálf sé fyrsti höfundur einkaleyfis tækjanna sem hönnuð hafa verið. Þegar hafi tveir vísindamenn, hvor við sinn háskólann, unnið doktorsritgerðir í tengslum við rannsóknirnar. Hann segir Petromodel vinna fyrir alþjóðlegan markað. „Malarvinnsla og steypa er stór iðja um allan heim og alls staðar svipuð. Ef þróuð er ný aðferð er

hægt að yfirfæra hana víða. Allt er orðið meira og minna staðlað á vegum stjórnvalda,“ bendir hann á. „Í samvinnu við Vegagerðina hér og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins hefur okkur tekist að fá það samþykkt að í Evrópustöðlum verður ljóstæknilæg greining á mól sett inn sem valkostur.“

Nú er komið að því að markaðssetja og dreifa nýju tækjunum. Þorgeir segir það geta tekið einhvern tíma. „Þetta er hrein nýjung en ekki viðbót við eitthvað sem fyrir er og því þarf að sannfæra iðnaðinn um að hann eigi að kaupa tækin. Vegagerðirnar í Bandaríkjunum hafa sýnt verulegan áhuga og þær eru einmitt að leita að hraðvirkri aðferð til svona greiningar, ekki síst vegna þess að árið 2005 var samþykkt að setja 286 milljarða dollara í endurnýjun á hraðbrautakerfinu á fimm ára tímabili. Á Evrópska efnahagssvæðinu einu má áætla að velta iðnaðarins sem Petromodel gerir út á sé um 7.000 milljarðar króna á ári. Víða er verið að vinna að svipuðum verkefnum og okkar er við erum komnir lengst og því virðist vera bjart framundan.“

gun@frettabladid.is



**BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.**

KLETTHÁLS 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 567 4222 • FAX 567 4232

Á undanföllum árum hefur það tænt í vöð að gera upp gömul húsnæði um land og þar kemur bárujárnið samkvæmt við sögu. Einnig hafa hönnuðir hús aðrir lagt bárujárnið á hluna þrött fyrir miklar tekuvæðingur í hönnun, það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá hekkarlausnir á þakföngum

og vegglaðningum úr bárujárni. Allir nýghúsnir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og því til á lager. Stafræðingur fagnar með ástugi reynslu eru til staðar og vita teknilegar upplýsingar og ráðgjaf. Nóg er að koma með teikningar á staðirn og fagnar Blikksmiðju Gylfa lína réttu lausnir.



þakrennur • klímðningar • stallaastal • fylgihlutir



## Gerum gott úr pappírnum

Undanfarin ár hefur það færst mjög í vöxt að dreifibréf komi inn um bréfalúgur landsmanna. Þetta eru aðallega dagblöð og auglýsingar af ýmsu tagi ásamt fleiru. Flestir henda slíku efni beint í tunnuna en nú hafa nokkrir aðilar tekið sig saman um að endurvinnna pappírinn, enda er hann upplagður fyrir slíkt.

Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, útgefendur blaða og tímarita, prentfyrirtæki og verslanaeðjur hafa nú hleypt af stokkunum kynningarátaki til að minna fólk á endurvinnslugámuna og gildi þess að endurvinnna. Árið 2005 var um 8.000 tonnum safnað til endurvinnslu en í fyrra voru tonninn 9.000. Áætlað er að skilahlutfall sé um 40 prósent en þegar rýnt er í sorptunnur má búast við að um 27 prósent af sorpinu séu dagblöð og annað pappírsefni.

Hér á landi er nú unnið að nokkrum verkefnum þar sem pappírsgangur kemur við sögu, til dæmis áætlað fyrirtækið Grænar

Nokkur fyrirtæki og stofnanir hafa sameinast um að hvetja til endurvinnslu á pappír.

lausnir á Mývatni að hefja framleiðslu á vörubrettum úr pappír og pappa í haust og komið hefur í ljós að dagblöð henta vel í slíka framleiðslu. Það er því ljóst að hið verðmæta hráefni, pappír, á sér fjölbreytt og tilgangsríkt framhaldslíf hér á landi.

-mhg



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ





# MOSFELL

## KERTO LÍMTRÉ

**Finnsk gæðavara**

**Létt og meðfærileg**

**Hátt brunapól**

**Hæð eftir óskum**

**Lengd allt að 23 m.**

**Alltaf til á lager**

**16% meira eldþol**

**20% meira brotþol**

**KERTO LÍMTRÉ getur  
sparað verulega fjármuni.  
Leitið tilboða**



Söluaðilar um allt land



HÚSAMÍDJAN

## **KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.**


KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.



### LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTTING

# pgv



PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u. Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

**Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**





# á netinu

Ungar á tónlist, kvikmyndum og hugveinsson kynnti sér stöðu „stóra



UPPTÆKUR TÖLVUBÚNAÐUR HJÁ LÖGREGLU Hluti tölvubúnaðarinn sem gerður var upptækur hjá tólf einstaklingum í húsleit lögreglu í lok september árið 2004.

MARKAÐURINN/HARI

in Metallica fór í mál við fyrirtækið. Forsaga málsins mun vera sú að Metallica rakst á óútgæfið lag með hljómsveitinni á vefsvæði Napsters sem leikið hafði út um veggj upptökuvers hljómsveitarinnar. Þegar hljómsveitin kannaði málið nánar komst hún að raun um að allt lagasafn hennar var að finna hjá Napster og greiddur notendur ekkert fyrir að festa sér lög þeirra. Fleiri tónlistarmenn bættust í hópinn með Metallica, þar á meðal rapparinn Dr. Dre og Madonna en hlómplata hennar Music var fánleg notendum Napster áður en hún kom í verslanir. Fjöldamörg dæmi eru um slíkt en það þekktasta nú um stundir mun vera þegar hlómplatan Volta, nýjasta plata Bjarkar Guðmundsdóttur, lak á netið fyrir nokkrum vikum.

Þegar Samtök hljómplötuútgefenda í Bandaríkjunum blönduðu sér í málið brugðu margir háskólar á það ráð að loka fyrir notkun Napsters. Málaferli Metallica og fleiri aðila á hendur Napster urðu til þess að fyrirtækið batt enda á starfsemi sína um mánuði eftir tveggja ára afmælið árið 2001 og sættust forsvarsmenn fyrirtækisins á að greiða tónlistarfólki og rétthöfum 26 milljónir bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 2,6 milljarða íslenskra króna á þávirði, vegna meintra brota á höfundarrétti. Áætlanir voru uppi um að gera Napster að löglegri tónlistarsöluveitu. Fyrirtækið safnaði hins vegar miklum skuldum og urðu þær væntingar að engu.

## ÁGÆT RÖK – EN SAMT

Forsvarsmenn Napsters og forráðamenn viðlíka vefsvæða, svo sem Istorrent, benda á að þótt netverjar geti nálgast ókeypis tónlist á netinu þá hafi það lítið sem ekkert komið niður á sölu tónlistar. Þvert á móti hafi það aukið áhuga fólks á nýrri tónlist og kvikmyndum auk þess sem nýjum hljómsveitum opnast vettvangur til að kynna efni sitt fyrir nýjum hlustendum með litlum tilkostnaði. Þá geti skráaskiptiforrit að sama skapi verið góð auglýsing fyrir nýjar myndir í kvikmyndahúsum, að þeirra sögn.

Þetta eru ágæt rök fyrir ungar og upprennandi hljómsveitir, tónlistarmenn og áhugamenn á kvikmyndasviðinu. Það er hins vegar ólíklegt hvort rök forráðamanna skráaskiptisvæða dugi til þegar skorið verður úr um lögmæti dreifingar á stafrænu efni sem verndað er með höfundarréttarlögum – í það minnsta hér á landi, ef marka má orð Snæbjörns Steingrímssonar, framkvæmdastjóra SMÁÍs, hér á opnunni.

## PUNGIR DÓMAR

Samtök rétthafa eru hvergi nærri hætt málsóknum á hendur forsvarsmönnum neta sem styðja við skráaskipti. Á undanförunum miss-erum hafa fallið þungir og stefnumarkandi dómur víða um heim þar sem ábyrgð hefur verið lögð á aðstandendur skráaskiptakerfa fyrir hlutdeild í óheimilli dreifingu efnis.

Fyrsti fangelsisdómurinn í máli sem þessu féll í mánuðinum en þá var maður í Hong Kong dæmdur í þrjú mánaða fangelsi fyrir dreifingu á þremur kvikmyndum um hið vinsæla BitTorrent-jafningjanet. Þótti sýnt að maðurinn hefði átt hlut að dreifingunni þótt hann hefði aðeins hlaðið myndunum inn á netið.

Samtök rétthafa tónlistar og myndefnis hér á landi horfa helst til niðurstöðu í málum sem þessum í nágrennalöndunum. Helsti dómurinn sem féll í viðlíka máli var í Finnlandi í október í fyrra en þá hlaut 21 forsvarsmáður og stjórnandi skráaskiptinets samtals rúmlega 50 milljóna króna sekt vegna aðildar sinnar að ólögmætri dreifingu efnis á netinu. Dæmt var eftir eldri finnskum lögum um höfundarrétt en ekki nýjum. Er talið að hefði verið dæmt eftir nýjum lögum hefði mátt gera ráð fyrir þyngrri dómum.

Óvíst er hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir þá tíu sem handteknir voru á haustdögum árið 2003 fyrir aðild sína að ólögmætri dreifingu efnis á netinu. Það ætti að skýrast þegar líða tekur á árið.

# Hrun hjá myndbandaleigum

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍs, samtaka rétthafa myndefnis á Íslandi, segir upplýsingar Hagstofunnar um þá sem hafi nýtt sér skráaskiptiforrit óhugnanlegar. Bíði allir aðilar sem tengjast kvikmynda- og tónlistarbransanum eftir niðurstöðum úr rannsókn efnahagsbrotadeildar lögreglunnar á máli einstaklinganna tíu, sem handteknir voru á haustdögum árið 2004, áður en lengra verði haldið.

Snæbjörn reiknar ekki með að mennirnir hljóti dóm í haust. Mun líklegra sé að þeir verði annaðhvort dæmdir sekir eða saklausir. Verði í kjölfarið haft samband við SMÁÍs og Samtón, Samtök rétthafa tónlistar, varðandi næstu skref. „Það er spurning hvort við förum í skaðabótamál fyrir hönd rétthafanna sem búið er að brjóta á í kjölfarið á opinberu máli,“ segir Snæbjörn og bætir því við að SMÁÍs horfi mjög til niðurstöðu í svipuðum málum á hinum Norðurlöndunum. Hafi niðurstaðan iðulega fallið rétthöfum í hag í flestum málum.

Málið nú er prófsteinn enda hefur aldrei verið dæmt í máli sem þessu varðandi íslenskan höfundarrétt. „Það verður forvitnilegt að sjá hvernig dómarrar túlka lögin,“ segir hann.

Snæbjörn segir ýmis rök í gangi hjá þeim sem brjóta á höfundarrétti með því að dreifa og hala niður efni á netinu með skráaskiptiforritum. Hann blæs á þau öll.



SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON Dreifing kvikmynda með skráaskiptiforritum á netinu hér á landi hefur valdið miklum samdrætti hjá íslenskum myndbandaleigum.

Ein rökin eru þau að með deilingu á nýlegum kvikmyndum, sem sumar hverjar eru enn til sýninga í kvikmyndahúsum, sé verið að berjast gegn bandarískum kvikmyndarísimum. En því fer fjarri. „Þau finna minnst fyrir þessu,“ segir Snæbjörn og bendir á að myndbandaleigur héraendis séu fórnarlömbin. Verst er ástandið úti á landsbyggðinni en á dögnum hringdi í Snæbjörn maður sem starfrækir myndbandaleigu úti á landi. „Leiga vinnur hjá honum er komin niður í það sem sást á einum degi fyrir um 18 mánuðum,“ segir Snæbjörn. „Það kallar maður hrun!“

# Notendur Istorrent ábyrgir fyrir dreifingu

Istorrent er talið umsvifamesta jafningjanetið héraendis þar sem skráaskipti með tónlist, kvikmyndir og annað stafrænt efni fer fram. Svavar Kjarrval, framkvæmdastjóri Istorrent, segir að þvert á það sem margir telji þá fylgist umsjónarmenn netsins grannt með því hvaða skrár fari um netið. Bregðist þeir við í ákveðnum tilfellum líft og þegar ákveðið var að loka fyrir umferð með ofbeldisleik í síðustu viku.

Svavar segir meðlimi Istorrent líta á sig sem áhugamannafélag um skráaskipti. Ekki sé reynt að ýta undir ákveðin skipti á skráum heldur séu það notendur sem ákveði hvaða skrár fari um það. Þannig séu umsjónaraðilar Istorrent ekki ábyrgir fyrir því efni sem fari um netið heldur notendur, að sögn Svavars. „Það eina sem við [stjórnendur Istorrent] höfum er valdið til að hindra aðgang,“ segir hann og bendir á að stundum séu notendur settir í bann brjóti þeir reglur Istorrent.

Aðspurður hvort Istorrent muni beita sér gegn því að notendur netsins brjóti á höfundarrétti með skráaskiptum á efni sem varið er höfundarrétti segir Svavar svo vera. „Ef SMÁÍs myndi senda okkur lista yfir þær skrár þar sem fram kemur hvaða skrár það eru sem varðar eru



SVAVAR KJARRVAL Framkvæmdastjóri Istorrent segir notendur jafningjanetsins ábyrga fyrir þeim skráum sem fara um netið. Eina valdið sem stjórnendur hafi sé að hindra aðgang, bæði notenda að netinu og að skráum sem varðar eru með höfundarréttarákvæðum.

MARKAÐURINN/VILHELM

með höfundarrétti þá munum við fjarlægja þær,“ segir hann en bendir á að ítarlegar upplýsingar þurfi að koma fram um skrárnar. Slíkt hafi samtök rétthafa hins vegar ekki gert. Hvorki SMÁÍs né önnur, að sögn Svavars sem bætir því við að Istorrent hafi áður fjarlægt efni af jafningjanetinu að beiðni höfundar. Verði slíkt gert á ný verði það ekki í fyrsta sinn sem slíkt er gert.



## STARFSMANNAMÁL

## Menningarmunur í alþjóðaviðskiptum

Hollenski prófessorinn Geert Hofstede var staddur hér á landi í maímánuði í boði Þekkingarmiðlunar og viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Hofstede hefur m.a. rannsakað hvernig menning, gildi og uppeldi hefur áhrif á samfélög og hegðun þeirra í viðskiptum. Hann hefur greint menningu samfélaga og skipt henni í fimm víddir. Hér verður stiklað á stóru á helstu víddum Hofstede:

**Valdafjarlægð** (power distance). Mikil valdafjarlægð lýsir sér meðal annars í því að í samfélagi er ójöfnuður, miðstýring er rík, valdkerfi er stigskipt og bilið milli undirmanna og yfirmanna er mikið. Hér eru t.d. arabalönd, Mexíkó og Indland.

Lönd með litla valdafjarlægð einkennast meðal annars af trausti og réttlæti í samskiptum og litlu bili milli undir- og yfirmanna. Þetta á til dæmis við Svíþjóð og Írland. **Einstaklingshyggja/heildarhyggja** (individualism/collectivism). Þar sem einstaklingshyggja er ráðandi er frelsi einstaklinga jafnan mikið. Hver sér um sig og sína fjölskyldu, frumkvæði er mikið og gagnrýnin hugsun er litin jákvæðum augum. Á þessum lista eru þjóðir eins og Bandaríkin, Ástralía og Bretland. Þjóðmenning sem einkennist af heildarhyggju lýsir sér í því að fólk hefur í áranna rás aðlagast reglu-

veldi og fjölskylduböndum sem eru sterk og full hollustu. Hér eru lönd eins og til dæmis Kólumbía, Indónesía og Ekvador.

**Karllægar/kvenlægar víddir** (masculinity/femininity). Karllægar víddir miðast við karllæg viðmið í samfélagi þar sem þegnar eiga að vera harðir af sér, ákveðnir og huga að efnislegum gæðum. Hér eru t.d. Japan, Sviss og Ítalía. Í samfélögum þar sem kvenlægar víddir eru sterkar eru einkennin þau að bæði konum og

körllum er ætlað að huga vel að lífsgæðum, vera hógvær og blíð samkvæmt skilgreiningum kvenlægra vídda. Hér er t.d. um að ræða Norðurlönd og Holland.

**Óvissahlíðrun** (uncertainty avoidance). Þau samfélög sem taka vel á móti óþekktum aðstæðum og óvissu eru til dæmis Bretland, Holland og Norðurlönd. Slík samfélög hafa reglur í lágmarki, virða ólíkar skoðanir og eru fylgjandi nýsköpun. Þau lönd sem á hinn bóginn forðast óvissuástand eru til dæmis S-Kórea, S-Ameríka og Miðjarðarhafssvæði en þar eru jafnan miklar öryggisráðstafanir og lög eru virt. Fimmta vídd Hofstede snýst um **langtímaafstöðu** (long-term orientation) en

þar skorar Holland hátt og er talið horfa með seiglu til framtíðar þar sem aðlögun er mikil í átt að nútímalegum gildum og hagsýni er höfð að leiðarljósi. Á hinn bóginn eru lönd sem aðhyllast skammtímaafstöðu eins og Bandaríkin, Kanada og Nígíería sem leggja áherslu á stöðugleika, jafnvægi, hefðir og reglur.

## ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Guðjón Svansson, forstöðumaður hjá Útflutningsráði Íslands, segir rannsóknir á þjóðmenningu í íslensku samfélagi hafa sýnt fram á að hér er lítil valdafjarlægð, samskipti eru óformleg og stéttaskipting lítil. Íslendingar eru ekki hræddir við breyt-

ingar eða óvæntar aðstæður og hér á landi eru hækkandi karllæg viðmið sem þýðir að ákveðni og fókus á samkeppni fer vaxandi á meðan mýkri gildi eins og umönnun og umhyggja fyrir öðrum fer minnkandi. Einstaklingshyggja eykst á kostnað félagshyggju og hér á landi er ekki horft langt fram á veginn. Einfaldar og stuttar boðleiðir eru Íslendingum að skapi og þeir hafa getu og þor til að standa og falla með ákvörðunum. (Heimild: [www.geert-hofstede.com](http://www.geert-hofstede.com))

Sif Sigfúsdóttir  
MA í mannaútskjórnun.



## SPÁKAUPMAÐURINN

## Grænpóstur á Bjögga

Ég hef eins og fleiri verið með nokkuð stórar stöður í Actavis í gegnum tíðina. Þar hafa orðið til miklir peningar. Ég var því þökkalega sáttur þegar yfirtökutilboðið kom, enda búinn að vera að bæta við mig undanfarna mánuði.

Bréfin hækkuðu auðvitað og ég var alsæll. Svo fóru náttúrulega að renna á mig tvær og jafnvel fleiri grímur. Ég á góða vini í apótekarastétt sem væru auðvitað ágætlega settir ef lífið hefði haldið áfram eins og áður. Eignin í Actavis hefur hins vegar gert þá alveg steinríka. Margir af þeim hafa ekki selt krónu úr félaginu og eiga nú nokkra milljarða. Ég fékk símtal frá einum sem var brjáláður yfir þessu yfirtökutilboði. Gæinn er orðinn algjör sérfræðingur í fyrirtækinu, enda eina fjárfestingin sem hann er með í gangi. Hann er alveg sannfærður um að félagið eigi slatta inni og er búinn að vera að fá menn í lið með sér til að koma í veg fyrir yfirtökuna. Hann vildi fá mig með í þetta.

Og hvað gerir maður þá? Það er ekki oft sem maður fær góð tækifæri til að greenmaila stóra hluthafa og pína verðið upp. Það er allt af reglulega gaman að því. Mikil lifandis ósköp hafði ég gaman af því þegar Hreiðar Már var að pína stjórn Eimskipafélagsins á sínum tíma. Nú er hann sennilega orðinn of finn í þetta, en þá var þetta helvíti vel gert og Kaupþing græddi helling, þá litlir og tóku mikinn séns.

Þetta getum við þessir litlu gert. Hættan er sú að Bjöggi afskrifi fyrirtækið og loki okkur inni. Stór hluti af þessum fjárfestum hefur hins vegar ekki hreyft sig árum saman og munar ekkert um nokkur ár í viðbót. Ekki víst að Bjöggi nenni að hafa þá í farangrinum til lengdar og sé tilbúinn að borga meira fyrir að vera laus við þá. Þetta er ekki svo slæmt bet, svo ég er með í bili að minnsta kosti. Þetta er samt ekki áhættulaust, en vogun vinnur.

Spákaupmaðurinn á horninu

ICEBANK

# ÁRÆÐI

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri. Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áræði, snerpu og traust. Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi fyrir innlend sem erlend fjármálfyrirtæki, fagfjárfesta og aðra stærri aðila.

[www.icebank.is](http://www.icebank.is)

# Mikið verk fyrir höndum á Íslandi

Hraði íslensks atvinnulífs hefur skilað sér í slæmri birgðastýringu. Þetta segir Tommy Högberg, forstjóri sænsku verkfræðistofunnar ProLog, sem sérhæfir sig í birgðastýringu vöruhúsa, í samtali við Jón Aðalstein Bergsveinsson.

Íslendingar eru fljótir að hugsa og taka ákvarðanir. Þeir skella sér í hlutina. En hraðinn getur komið niður á skipulagningu vöruhúsa,“ segir Tommy Högberg, forstjóri og aðaleigandi sænsku verkfræðistofunnar ProLog, sem sérhæfir sig í bestun, þróun og skilvirkni í birgðastýringu vöruhúsa. Hann segir mörg fyrirtæki hér á landi aftarlega á merinni hvað birgðastýringu varðar. En þótt yfirleitt sé ágætlega að verki staðið megi alltaf gera betur. Tommy, sem var staddur hér á landi á dögum í tilefni útibús ProLog, segir nóg að gera enda hafi fyrirtækið ákveðið að sérhæfa sig ein-göngu í birgðastýringu vöruhúsa.

Tommy Högberg, sem hefur um þrjátíu ára reynslu á sínu sviði, er þekktur í þessum fræðum í heimalandi sínu og hefur hann verið nefndur konungur bestunar í skandinavískum tímaritum. Hann á langan feril að baki, er fæddur í Borås í Svíþjóð, sem skiptir höfuðmáli, að hans sögn. Bærinn er þekktur fyrir vefnaðarframleiðslu og iðnað hvers konar. Að sögn Tommys hefur iðnaðurinn kallað á skilvirka birgðastýringu í vöruhúsum og stendur bærinn framarlega á því sviði. Og ekki spillir fyrir að Svíar eru gefnir fyrir vörulista hvers konar, sem aftur krefst þess að nauðsynlegt er að byggja upp góð vöruhús til að geyma allar þær vörur sem boðið er upp á í listunum.

Að sögn Tommys skiptir skipulagning vöruhúsa miklu máli. Best sé að hafa vörur sem seljast vel fremst í vöruhúsinu en þær sem síður seljast aftar. Þetta er hins vegar nokkuð sem margir flaska á, að hans sögn.

Tommy segir það ekki skipta minna

máli að kunna að gera marga hluti í einu þegar náð sé í vörur í vöruhús í stað þess að ná í einstaka hlut. Ólíkt því sem ætla mætti gera það margir og þurfa því að fara margar ferðir fram og aftur í vöruhúsum sínum. Til þess að spara ferðirnar koma einfaldir hlutir sér vel, svo sem litlir rafmagnsbílar með kerrum svo hægt sé að stafla vörum upp. Góður hugbúnaður fyrir birgðastýringu er ekki síður mikilvægur. Tommy mælir ekki með einum ákveðnum hugbúnaði fyrir birgðastýringu vöruhúsa heldur greinir hann í hvert og eitt skipti hvaða búnaður og hjálpartól nýtist best við hinar ýmsu aðstæður.

Góð birgðastýring skilar sér í hraðari og skilvirkari afgreiðslu og getur sparað fyrirtækjum milljónir króna, að sögn Tommys, sem segist ekki taka að sér vöruhús sem séu svo illa skipulögð að breytingin á þeim skili ekki undir 20 prósentu betri hagræðingu.

Tommy segir þekkingu Íslendinga á mikilvægi birgðastýringar oftast en ekki af skornum skammti. Það sjáist skýrast þegar komið sé inn í vöruhús. Ástæðan liggur í hraðanum, að mati Tommys. „Það hefur verið mikill uppgangur í efnahagslífinu á Íslandi. Það er meðal annars að þakka því að Íslendingar eru fljótir að ákveða sig. Þeir láta vaða og fara í ný verkefni,“ segir hann og bætir við að í hraðanum gleymist oft að huga að öllum þáttum, þar á meðal birgðastýringu, sem oftast mæti afgangi. Tommy neitar því ekki að þrátt fyrir allt mættu Svíar þó læra snerpuna af Íslendingum því heima-fyrir gangi allt mun hægar fyrir sig.

Tommy segir fyrirtæki geta hagnast mjög á góðri birgðastýringu. Stjórnend-



**TOMMY HÖGBERG, FORSTJÓRI PROLOG** Hraðinn í íslensku samfélagi skilar sér oft í óskipulögðum vöruhúsum, að sögn Tommys Högberg, forstjóra sænska fyrirtækisins ProLog.

Markaðurinn/Hörður

ur fyrirtækja, ekki síst hér, vilji hins vegar seint viðurkenna að þeir þurfi á birgðastýringu að halda. Helsta ástæðan fyrir því er sú að þeir líta á kostnaðinn við aðstoð manna á borð við Tommy Högberg sem útgjöld sem óljóst sé hvort

skili sér til baka. „Kostnaðurinn er auðvitað nokkur í upphafi,“ segir hann. „En þegar stjórnendur fara að sjá hagræðingu upp á 20 til 40 prósent á ári þá sjá þeir ekki eftir honum,“ segir Tommy Högberg og brosir.

**NÝR LAND ROVER  
FREELANDER 2 SPORT  
TIL Í ALLT**

**NÝR FREELANDER 2 SPORT kr. 4.540.000**

INNIFALIÐ Í NÝJUM FREELANDER 2 SPORT: Leðurinnrétting, hiti í sætum, rafmagn í framsætum, leðurstýri, sjálfvirk loftkæling fyrir ökumann og farþega, aðgerðarstýri með skriðstillir, regnskynjari, 755 ltr farangursrými, CD spilar, 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response™ aldrifskerfi, 5 stjórnur frá NCAP, 7 loftþúðar, aftengjanlegur loftþúði fyrir farþegasæti og 17" álfelgur. Turbo Diesel 2,2 ltr vél 160 hö með 400 Nm tog, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8.5 ltr/100 km.

Þriggja ára ábyrgð. Verð kr. 4.540.000



Með bílinn handa þér



GO BEYOND

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is

## Kínverska vísitalan slær met

CSI-300 hlutabréfavisitalan í kauphöllinni í Sjanghæ í Kína náði met hæðum á mánudag þegar gengi hennar hækkaði um 2,6 prósent og endaði í 4.090,57 stigum. Þarna rauf vísitalan 4.000 stiga múrinn í fyrsta sinn.

Gengi bréfa í Kína hefur verið á hraðri siglingu upp á við síðustu misserin og þrefaldast í verði frá áramótunum 2006. Það sem af er árs hefur gengið tvöfaldast.

Mikil eftirspurn er eftir hlutabréfum í Kína. Markaðurinn er sérstæður að því leyti að almenn- ingur, jafnt sem háskólastúdentar sem eldri borgarar, virðist fremur kjósa að verja sparifé sínu í hluta-



**FYLGJAST MEÐ GENGINU** Hlutabréfakaup almennings hafa þrýst upp gengi hlutabréfa í Kína.

bréf en að leggja inn á bankabók.

Alan Greenspan, fyrrum aðal- seðlabankastjóri Bandaríkjanna, varaði á dögnum við að leiðrétting á gengi hlutabréfa í Kína væri yfirvofandi og gæti haft áhrif á helstu fjármálamörkuðum. - jab

## Deloitte styrkir göngu Mörtu

Síðastliðinn sunnudag lagði Marta Guðmundsdóttir upp í 600 km göngu þvert yfir Grænlandsjökul. Markmiðið með göngunni er að safna fé í baráttuna gegn brjóstakrabbameini og um leið vekja konur til umhugsunar um mikilvægi þess að fara reglulega í krabbameinsskoðun. Sjálf greindist Marta með brjóstakrabbamein fyrir um tveimur árum og hefur nú lokið erfiðri meðferð.

Deloitte styrkir Krabbameinsfélagið og Mörtu til fararinnar. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að einn helsti hvati fyrirtækisins fyrir þessum stuðningi sé að nýverið greindust tveir starfs-

menn Deloitte með krabbamein. Hafi starfsfólk fyrirtækisins vilja að sýna þeim stuðning í verki.

Á sumardaginn fyrsta í síðasta mánuði gekk hátt í tvö hundruð manna hópur starfsfólks Deloitte ásamt fleirum á Snæfellsjökul til styrktar Mörtu. Marta tók þátt í göngunni á Snæfellsjökul og var það liður í undirbúningi hennar fyrir gönguna miklu.

Meðan á göngunni Mörtu stendur verða seld póstkort til styrktar Krabbameinsfélaginu. Þau mun Marta undirrita og póstleggja í Tassilaq þegar hún kemur niður af jöklinum. Hvert kort kostar 1.000 krónur og renna tekj-



**Á SNÆFELLSJÖKLI** Á sumardaginn fyrsta gekk hátt í tvö hundruð manna hópur starfsfólks Deloitte á Snæfellsjökul til styrktar Mörtu Guðmundsdóttur.

urnar til rannsóknar á brjóstakrabbameini. Kortin eru seld á vef Krabbameinsfélagsins, www.krabbameinsfelagid.is og á www.deloitte.is. Hægt er að fylgjast með göngu Mörtu á slóðinni <http://martag.blog.is/blog/martag/> - hhs



**OMX NORDIC EXCHANGE BÝÐUR NÝJA ÞJÓNUSTU.** Myndin var tekin á formlegri opnun OMX Nordic Exchange á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

## OMX styttr biðtíma

Nordic Exchange hefur tekið í notkun þjónustuna OMX Proximity Services. Nordic Exchange er sameiginleg þjónusta OMX-kauphallanna í Helsinki, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Íslandi, Ríga, Tallinn og Vilnús.

Nýja þjónustan á að lágmarka biðtíma í tengslum við sjálfvirk viðskipti sem byggja á reikni-reglum. Þá er henni ætlað að mæta tilskipun Evrópusambandsins um markaði með fjármálagerninga síðar á þessu ári.

Proximity Services gerir kauphallaraðilum kleift að hafa viðskiptabúnað sinn tengd- an viðskipta- og markaðsumhverfi Nordic Exchange. Í tilkynningu frá OMX segir að með því móti geti Nordic Exchange tryggt aðilum sínum háhraða- tengingu fyrir markaðsupplýsingar og viðskipti þar sem bið- tími er innan við eina millisekúndu. Sami biðtími muni gilda fyrir alla kauphallaraðila í samskiptum milli eigin viðskipta- hugbúnaðar og viðskiptakerfa OMX. - hhs

## Takmarka má viðkvæman póst

Þeir sem fá tölvupóst í farsíma geta nú, með OpenHand-samskiptalausninni, ráðið hvaða gögn og upplýsingar þeir geyma í tækinu. Þannig getur starfsmaður,



**SÍMI MEÐ OPENHAND**

sem fær viðkvæmar upplýsingar og gögn í símann, valið að takmarka póstinn sem hann geymir þar. Davíð Stefán Guðmundsson, markaðsstjóri OpenHand, segir fyrirtækið eitt um að bjóða sveigjanleika sem slíkan í lausn sinni. Hann segir nýja útgáfu hugbúnaðarins fela í sér verulegar nýjungar. „Meðal annars býður OpenHand viðskiptavinum sínum að nýta sér mismunandi hringitóna fyrir tölvupóst og dagatal. Einnig er hægt að nota aðrar hljóðskrár, svo sem tónlistarskrár, til sömu nota. Þá styður dagatal OpenHand nú enn betur við mikilvæga atburði með áberandi áminningu um atburði framundan,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. - óká



# Frelsi til athafna er stærsta lánið

### Stuttar boðleiðir

Þú færð svar innan þriggja virkra daga frá því að þú skilar gögnum.

### Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

– hvort sem er til kaupa eða endurfjármögnunar. Þú velur um íslenska og/eða erlenda mynt allt eftir því hvað hentar þér best.

### Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

# Sægreifinn og Búllan í Washington Post

Fallega var fjallað um veitingastaðina Hamborgarabúlluna og Sægreifann í grein í Washington Post fyrr í mánuðinum. Greinarhöfundur segir frá upplifun sinni og samferðamanns hans í ætisleit á götum Reykjavíkurborgar.

Segir frá því hvernig þeir hrökkluðust frá hverjum veitingastaðnum á fætur öðrum eftir að hafa litið matseðlana augum, eða öllu heldur verð þeirra. Lýsir höfundurinn þeirri upplifun að sjá pakistanskan kjúklingakarrírétt verðlagðan á 27 dollara og pitsu á átján dollara. Hann tekur sérstaklega fram að hann hafi ferðast um margar dýrustu borgir heims. Verðið á Íslandi sprengi alla skala.

Í greininni segir að þeir ferðafélagar hafi verið orðnir heldur framlágir og sársvangir er þeir loksins komu að Sægreifanum. Þar gæddu þeir sér á humarsúpu og hvalsteik og drukku heima-bruggað víkingaöl með. Fyrir það borguðu þeir 45 bandaríkjadali.

Á Sægreifanum fengu ferðalangarnir svo fregnir af því að í næsta húsi mætti fá bestu hamborgara Íslands. Bandaríkjamennirnir létu ekki segja sér



ÖRN HREINSSON, REKSTRARSTJÓRI BÚLLUNNAR Greinarhöfundur Washington Post kallar mat Hamborgarabúllunnar og Sægreifans „köld kjarakaup“.

það tvisvar og voru mættir á Hamborgarabúlluna í næsta hádegi. Þar snæddu þeir borgara og franskar úr bastkörfum og drukku mjólkurhristing með. Matinn, myndirnar af poppstjörnum upp um alla veggi og útsýnið yfir hafið kunnu þeir vel að meta. Máltíðin kostaði þá þrjá-

tíu dollara.

Tekið er fram í lok greinarinnar að Ísland snúist um svo mikið meira en mat. Hins vegar komi fátt í staðinn fyrir góða máltíð á sanngjörnu verði. Matur Sægreifans og Hamborgarabúllunnar væru „köld kjarakaup í hinni dýru höfuðborg Íslands“.

# Fjárfestingarsjóðir í BNA greiða minna

Eignarhlutur stjórnenda hefur áhrif á yfirtökuverð.

Fjárfestar í fyrirtækjum sem eru álitleg til yfirtöku ættu að vonast eftir að yfirtökufélagið sé almenningshlutafélag en ekki fjárfestingarsjóður í einkaeigu (private equity fund). Í nýlegri rannsókn fjögurra bandarískra prófessora í fjármálafræðum, sem International Herald-Tribune greinir frá, kemur fram að almenningshlutafélög eru mun líklegri til að borga hærra yfirtökuverð en fjárfestingarsjóðir.

Rannsóknin nær til áraanna 1990-2005 þar sem 1.292 kaupsamningar á skráðum bandarískum fyrirtækjum voru skoðaðir og greiðsla var í reiðufé. Í 32 prósentum tilvika voru einkafjárfestar á ferðinni en almenningshlutafélög í 68 prósentum tilfella. Meginniðurstaðan er sú að hluthafar í yfirteknu fyrirtækjum fengu 55 prósentum hærra verð þegar almenningshlutafélög tóku þau yfir en fjárfestingarsjóðir.

Þar með er sagan ekki nema hálfnuð. Rannsókn prófessoranna sýndi fram á að sterk tengsl væru á milli eignarhalds stjórnenda í almenningshlutafélögum og hversu hátt yfirverð væri greitt hverju sinni. Þegar undanskilin voru yfirtökufélög þar sem stjórnendur áttu minna en fimmtung hlutfjár var enginn sýnilegur munur á yfirtökuverði fjárfestingarsjóða



FJÁRFESTAR Á FERÐ Eignarhald stjórnenda í almenningshlutafélögum hefur áhrif á hegðun þeirra við yfirtöku á öðrum félögum.

og almenningshlutafélaga.

En af hverju hefur eignarhald stjórnenda eitthvað að segja um það yfirtökuverð sem í boði er? Prófessorarnir benda á að fyrirtækjastjórnendur sem eiga lítinn hlut í þeim fyrirtækjum sem þeir fara fyrir séu líklegri til að hafa önnur markmið í huga en að hámarka langtímaarðsemi hluthafa. Þar er líklegra að hégömleg markmið á borð við uppbyggingu risafyrirtækja ráði för.

Því ættu eigendur fyrirtækja sem boðið hefur verið í að ihuga alvarlega að selja bréf sín þegar almenningshlutafélag vill taka það yfir – að því gefnu að stjórnendur ráði yfir litlum hlut hlutfjár. Með því að selja eru fjárfestar búnir að tryggja sig ef yfirtökuáformin detta upp fyrir.

Hægt er að finna útdrátt á slóðinni [www.nber.org/papers/w13061](http://www.nber.org/papers/w13061).

- eþa

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



## Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum **15,5%\***    ávöxtun í evrum **4,8%\***    ávöxtun í dollurum **6,0%\***    ávöxtun í pundum **5,7%\***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð  
við fjárfestingar  
hringdu í síma  
**444 7000**

\*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/03/07 - 30/04/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættuþreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is).

**KAUPÞING**



HÚSGRUNNUR VIÐ HÖFÐATORG Icebank verður með um þrjú þúsund fermetra eftir flutning í nýjar höfuðstöðvar í ársbyrjun 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Icebank flytur á „Wall Street“

Icebank bætist við flóru fjármálafyrirtækja við Borgartúnið þegar bankinn flytur höfuðstöðvar sínar frá Rauðarárstíg í nútímalegra húsnæði á horni Höfðatorgs og Borgartúns í ársbyrjun 2009. Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank, segir að með þessu stækki bankinn við sig um helming en nýja heimilið er um þrjú þúsund fermetrar. Byggingafyrirtækið Eykt ætlar að byggja nítján hæða turn og leggur Icebank þrjár hæðir undir sig. „Við erum mjög spennt að fara þangað. Borgartúnið er að verða miðstöð fjármálafyrirtækja,“ segir Finnur en gárungarnir kalla Borgartúnið Wall Street Íslands.

Icebank hagnaðist um 1,8 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi sem var 280 prósentu aukning á milli ára. Afkomuna má þakka að stærsta hluta innleystum og bókfærðum gengishagnaði í Existu, en bankinn á enn um 56 prósent af stofneignarhlut. Finnur segir að hluturinn hafi verið svo stór að hann jafngildi öllu eigin fénu. „Með því að selja af eignarhlutnum skapast tækifæri til að þróa bankann í aðrar áttir og takast á við annars konar verkefni.“

Finnur bendir á að góður vöxtur sé í grunnstarfsemi bankans. Lánastarfsemi gefur vel af sér

og gæði útlána er mikið. Þannig riflega tvöfölduðust hreinar vaxtatekjur en þær námu um 507 milljónum króna. „Þeir eru ekki margir bankarnir á Íslandi þar sem lánastarfsemi stendur undir öllum rekstrarkostnaði. Hún gerir það hjá okkur og gott betur.“

Icebank er ekki smásölu-banki heldur tekur þátt í verkefnaþengdri fjármögnun, meðal annars vegna fasteignaverkefna og fjármögnunar vegna fyrirtækjakaupa. Forsvarsmenn Icebank vilja einnig sækja á mið sem aðrir bankar fást ekki við dags daglega. Það allra nýjasta er stofnun einkafjármagnssjóðs í félagi við Arev verðbréfafyrirtæki þar sem horft er til fjárfestinga í þroskuðum neytendavörufyrirtækjum. „Þetta eru oft fyrirtæki sem þurfa stuðning til að taka skrefið í viðbót. Þarna kemur sjóðurinn til sögunnar en hann getur lagt til fjármagn og aðhald til að hjálpa þeim að taka skrefið enn lengra.“

Eins og komið hefur fram hyggjast eigendur bankans opna fyrir eignarhald og skrá bankann á markað á næsta ári. „Hægt og bitandi erum við að fíkra okkur áfram í þá átt að lifa eins og við séum skráð félag.“

- eþa

# Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

# Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

## BANKA HÓLFID



### Ungskáldin auka söluna

Hún er þekkt sagan af Einari Má Guðmundssyni og fleiri skáldum sem þræddu kaffihús og bari borgarinnar á árum áður og gerðu tilraunir til að þranga nýjustu afurð sinni inn á misdrukkjóð fólk. Margir sluppu við bókakaup yfir bjórglasi á þeim forsendum að þá skorti lausafé. Eitt ungskáldanna, sem á dögnum gaf út sína nýjustu ljóðabók, heldur enn í gömlu sölutæknina þótt það gefi nú út undir merkjum virðulegrar bókaútgáfu. Skáldið hefur greinilega lært af söluferðum á barina því nú er það vopnað þráðlausri posavél. Afsakanir bargesta um skort á skotsilfri duga því skammt og má gera ráð fyrir stóraukinni sölu hjá ungskáldinu á börnum í ár.

### Fleiri dýralæknar

Nýr bankastjóri Straums-Burðaráss er hokinn af reynslu í bankaheiminum og veit sínu viti í þeim heimi. Fjármálaráðherra Íslands hefur stundum mátt sæta því að um bakgrunn hans sé talað með niðrandi hætti, en hann er dýralæknir að mennt. Það er því Árna Mathiesen nokkur huggun að nýr forstjóri Straums og fyrrverandi háttsettur yfirmaður Bank of America er einnig dýralæknir að mennt.

Staðreyndin er nefnilega sú að í heimi alþjóðaviðskipta er bakgrunnur manna mismunandi. Þannig eru dæmi um yfirmann Deutsche Bank í London með menntun á svið fornfræði Grikkja og Rómverja. Aðalatriðið er nefnilega að menn kunni til verka og það sem sennilega skiptir mestu; ráði við sæmilega flókna hugsun.

### Stungið upp í ráðherrann

Henry Paulson, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, fundaði með Wu Yi, aðstoðarforsætisráðherra Kína, í Washington í síðustu viku. Efni fundarins var lagt gengi kínverska júansins, sem Bandaríkjastjórn segir að haldið sé lágu með handafla, og aukinn innflutningur frá Kína til Bandaríkjanna. Bloomberg segir Kínastjórn virðast leiða á nuddinu enda benti Yi Paulson á að Bandaríkjastjórn gæti sjálfri sér um kennt. Bandaríkjamenn hefðu reist fjölmargar verksmiðjur í Kína á tíunda áratug síðustu aldar sem framleiddu fyrir heimahaga auk þess sem helst væru fluttar frá Kína til Bandaríkjanna ódýrar vörur sem Bandaríkjamenn væru hættir að framleiða.

**370** milljarðar króna sem viðskiptavinir Landsbankans hafa lagt inn á breska innlána-reikningnum Icesave frá því hann var opnaður í október í fyrra.

**3** milljarða króna hagnaður móðurfélags Atorku Group eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi.

**1.390** milljarðar króna samantöð hrein eign 25 ríkustu Íslendinganna.



## Frelsi til athafna er stærsta lánið

### Stuttar boðleiðir

Þú færð svar innan þriggja virkra daga frá því að þú skilar gögnum.

### Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

– hvort sem er til kaupa eða endurfjármögnunar. Þú velur um íslenska og/eða erlenda mynt allt eftir því hvað hentar þér best.

### Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

## Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir  
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



### ÖRUGGA SAFNID

**16,1% ávöxtun**

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.  
• 75% skuldabréf  
• 25% hlutabréf

